Þema- og fræðsluheftið JAFNRÉTTI er gefið út í tengslum við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla sem ein af sex áherslum um grunnþætti menntunar og gefur þá um leið kynna mikilvægan áhersluþátt í nýrri menntastefnu skólastiganna.

Þemaheftinu í skipt í sjö meginkafla. Fyrsti kaflinn fjallar um hugtakið jafnrétti og hvað geti falist í hugtakinu. Síðan fjallar hver kafli um afmarkaðan þátt jafnréttis: kynjajafnrétti, fjölmenningu (þjóðerni, tungumál, trúarbrögð, lífsskoðanir), fötlun, aldur og stétt og búseta. Síðasti kaflinn tekur svo nánar á hlut jafnréttis í skólastarfi.

Meginsjónarmið sem lýst er í heftinu er að sem grunnþáttur menntunar er áhersla lögð á jafnréttismenntun sem sé undirstaða lýðræðis og mannréttinda í skólum. Allir eigi að geta verið virkir í skólastarfi á jafnréttisgrundvelli. Þótt meginverkefni jafnréttis sé þannig eitt megi greina fimm undirþætti jafnréttis sem fái umfjöllun í heftinu en samt megi ekki slíta jafnrétti í sundur. Í heftinu eru kynntar nokkrar áherslur varðandi jafnréttisvinnu, s.s bann við mismunun, um sértækar aðgerðir til jafnréttis, samþættingu jafnréttis við alla stefnumótun og jafnræðisúrræði.

Kynjajafnréttið er tekið til umfjöllunar frá ýmsum sjónarhornum og bent á rannsóknir og hugmyndir um jafnrétti og frávik frá því, t.d. ofbeldi ýmiss konar. Jafnrétti er einnig skoðað frá sjónarhóli menningar, þjóðernis, tunugmáls, trúarbragða og lífsskoðana þar sem fordómar og umburðarlyndi eru lykilhugtök umræðunnar til jafnréttis. Að fá að njóta hæfileika sinna er mannréttindi og í allri umfjöllun um fötlun þarf að bera virðingu fyrir mannlegum fjölbreytileika og styrkleikum og takmörkunum allra, ekki bara fatlaðra en viðurkenna þarfir fatlaðra sem jafnréttismál. Aldur, stétt og búseta hefur einnig áhrif á lífsgæði fólks og jafnvel mannréttindi, svo jafnvel að slíkt leiðir til ofbeldis gagnvart einstaklingum á grunni þess sem vera þarf vakandi fyrir.

Skólar hafa samfélagslegar skyldur til að sinna jafnréttisfræðslu. Jafnréttismenntun sem grunnþáttur menntunar snýst um samþættingu jafnréttissjónarmiða í allt skólastarf. Við val á námsbókum skal taka tillit til jafnréttissjónarmiða. Á bls. 59-60 í heftinu eru lagðar fram ýmsar hugmyndir af viðfangsefnum jafnréttis og jafnréttisfræðslu eftir aldri nemenda. Jafnrétti er grunnþáttur í menntun og skólastarfi.

Heftið nálgast viðfangsefnið jafnrétti því frá mörgum hliðum og með mörgum dæmum sem ekki er hægt að kynna frekar hér og bent á heftið sjálft til frekari upplýsingaöflunar.

- Þemaheftið JAFNRÉTTI (pdf).
- Þemaheftið JAFNRÉTTI (vefrafbók Námsgagnastofnunar).

# 2.2. Útdráttur fræðslu/fyrirlesturs um JAFNRÉTTI

## A. JAFNRÉTTI SEM GRUNNÞÁTTUR MENNTUNAR

Jafnrétti sem grunnþáttur menntunar felur í sér sérstaka áherslu á kynjajafnrétti í skólastarfi grunnskóla þótt viðfangsefnið geti einnig snúið að jafnrétti er snýr sömuleiðis að fötlun, trú, kynhneigð, þjóðerni og öðrum þáttum sem geta leitt til mismununar – sem einnig hefur kynjaþátt. Sem kynjaáhersla felur jafnréttisþátturinn í sér viðbót við grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi sökum mikilvægi hans og sérstöðu KYNJAJAFNRÉTTIS sem mannréttinda.

Jafnrétti sem grunnþáttur felur í sér áherslur í skólastarfi sem snúa að jafnréttisfræðslu og starfsháttum í skóla sem miða að virkri þátttöku nemenda, óháð kyni og öðrum þáttum, til að þeir fái tækifæri til að njóta hæfileika sinna og hæfni án allrar mismununar. Þetta er áhersla á að fá að þróa og njóta hæfileika sinna í því félagslegu umhverfi sem lýðræðis-þjóðfélag býður upp á. Lagalega séð er jafnrétti vel viðurkennt á Íslandi en varðandi framkvæmd jafnréttis snýr verkefnið að daglegum athöfnum einstaklinga á grundvelli þekkingar, leikni og viðhorfa til jafnréttis sem er verkefni skólakerfisins að miðla og móta.

Sérhvert samfélag hefur skapað skilyrði til viss félagslegs veruleika og innan hans þarf að skilgreina stöðu jafnréttis og áhrif kynja til þátttöku og áhrifa. Formlega séð eru fá þjóðfélög í heiminum sem búa báðum kynjum betri aðstöðu og möguleika en Ísland. En það felur ekki í sér að fullkomið jafnrétti sé til staðar. Konur eru að mennta sig meira en karlar á Íslandi í dag. Stúlkur standa sig mun betur í námi, í grunnskóla og sækja meira framhaldsnám. Bent er á að launamisvægi er á atvinnumarkaði sem sé konum í óhag og því þurfi að hvetja stúlkur í námi til sjálfseflingar og virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Skólastarf er mikilvægur þáttur í samfélagslegu verkefni um aukið jafnrétti, bæði sem fræðsluþáttur og sem fyrirmynd í starfsháttum til jafnréttis. Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir áhrifum sínum og áttað sig á áhrifum eigin orðræðu, t.d hve kynjuð hún er. Sömuleiðis þurfa kennarar að vera meðvitaðir um eigið kyn og viðhorf sín til kynjanna og hvernig viðhorf þeirra megi stuðla að því að nemendur geti nýtt hæfileika sína á eigin forsendum og án kynjahalla.

Kennarar í hverjum skóla þurfa að marka sér stefnu eða áherslur um jafnrétti og setja sér gagnrýnin markmið á grunni þjóðfélagsgreiningar um nauðsynlega jafnréttisfræðslu og starfshætti jafnréttis í skólastarfi. Ýmislegt í skólastarfi getur borið merki kynjaskekkju og velta þarf fyrir sér hvernig skóli ætlar að vinna gegn henni og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Þessi atriði lúta að þáttum eins og líðan í skóla, árangri í námi, samskiptaleiðum við nemendur, áhrifum mismunandi kennsluaðferða og eigin viðhorf til kyns og kynhneigðar. Verkefni jafnréttis er verkefni allra starfsmanna skóla þótt það komi mismikið inn á borð einstakra starfsmanna sem kennslufræðilegt verkefni og meira hjá sumum en öðrum (t.d. þeim sem kenna samfélagsgreinar). Jafnrétti er flókið verkefni sem kennurum er treyst til að sinna vel!

## B. FRÆÐSLA UM JAFNRÉTTI EFTIR KENNSLUSTIGUM

### *1. Útdráttur úr fræðslu fyrir kennara á yngsta stigi*

Jafnréttisfræðsla gefur möguleika á margs konar samþættingu við annað nám og námsgreinar. Ein leið til slíks er notkun söguramma með samþættingu margra markmiða. Aðferðafræði söguaðferðarinnar (story-line) gefur tækifæri til margþættra vinnubragða og hentar vel til að vinna með viðhorf. Einnig gefur söguaðferðin tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða þar sem tekið er tillit til ólíkra einstaklinga óháð kynferði. Dæmi um slíkt er sögurammi í samfélagsgreinum um jafnrétti kynjanna frá landnámi til vorra daga. Reynsla af slíku verkefni í Vogaskóla gefur fyrirheit um skemmtilega og árangursríka jafnréttisfræðslu.

### *2. Útdráttur úr fræðslu fyrir kennara á miðstigi*

Jafnrétti er réttindabarátta, gegn forréttindum og fyrir einstaklingsvirðingu. Staðan í dag er að mörgu leyti óheppileg fyrir konur; þær bera minna úr bítum fjárhagslega, þær eru kyngerðar í fjölmiðlum og kvikmyndum. karlrembulegar hugmyndir um hlutverk kvenna eru í gangi, skaðlegar staðalmyndir á forsendum eðlis- og tvíhyggju – um mun kynja frekar en mun einstaklinga. Bent á að það er félagsmótun sem stuðlar að þessu og þar þarf skólinn að vera vakandi því margt í samfélaginu er það ekki, t.d. Hollywood myndir fyrir börn eru fullar af staðalmyndum um kynin og tónlistargeirinn er klámvæddur í tónlistarmyndböndum. Nýtt fræðsluefni um jafnrétti fyrir nemendur á miðstigi kemur úr á næsta skólaári. Mikilvægt að skólinn sé virkur í þeirri fræðslu og taki alvarlega sína ábyrgð í kynjamenntun til jafnréttis.

### *3. Útdráttur úr fræðslu fyrir kennara á elsta stigi/unglingastigi*

Þegar maður tekur að sér að vera „jafnréttiskennari“ er mikilvægt að viðurkenna að jafnrétti hefur ekki náðst og maður vilji vinna að jafnrétti sem kemur báðum kynjum til góða. Kennarar þurfa því að setja upp jafnréttisgleraugu og horfa á umhverfi sitt og sjá hvað mismunun og ójafnrétti er í gangi. Dagleg umfjöllun í fjölmiðlum og á netinu gefur heilmörg tækifæri til umræðu við nemendur um jafnrétti, t.d. myndbirtingar af konum, orðræða á netinu og fréttir í fjölmiðlum. Þá er til ýmislegt fræðsluefni sem nýtist til jafnréttisfræðslu meðal unglinga, t.d. efnið Huxarinn, Kynlega klippt og skorið, Stefnan sett!, Kompás, Leið þín um lífið, Kynungabók og Jafnréttishandbókin auk efnis á vefnum. Jafnréttisfræðsla í námsgreinum, þvert á námsgreinar, sem val og sem þemaverkefni eru allt möguleikar. Allir kennarar þurfa að vera jafnréttiskennarar.

■

## 2.3. Fræðsluglærur/slæður (A-5)

A. Vigfús Hallgrímsson






## Markmið fyrri hluta

- Kynna hvað „jafnrétti“ sem grunnþáttur menntunar felur í sér.
- Skoða nám og kennslu út frá jafnrétti og jafnræði kynjanna í námi.
- Skoða stöðu drengja og stúlkna í skólanum út frá árangri á samræmdum könnunarprófum síðustu ár.

## Foreldrar og jafnrétti

- Foreldrar hafa uppeldisábyrgð, grunnábyrgð á börnum, kynjamótunina þar á meðal: *Fyrirmynd og uppeldi til jafnréttis til persónulegs þroska.*
- Grunnskóli býður upp á menntunartækifæri og hefur um leið opinbert kynjaverkefni til jafnréttis. *Fyrirmynd og fræðsla á grunni samfélags réttlætis og frelsis.*
- Samspil, samvinna en einnig verkaskipting.


Sleppt í erindi
• Jafnrétti sem snýr að starfsfólki og sveitarfélagi.
• Almennt um jafnrétti í samfélaginu.
• Almennt um jafnrétti, vinnu og atvinnulíf í tengslum við fjölskyldur hinna fullorðnu.
Ekki sleppt af því að þess sé ekki þörf heldur að það snýr ekki að grunnþættinum jafnrétti heldur jafnrétti yfirleitt.


Fyrirlesari í dag - þróunarfulltrúi
• Ekki sérfræðingur í jafnrétti.
• Ekki endilega „fyrirmynd í jafnrétti“ – karlmaður.
• Ekki endilega „hlutlaus“ þótt reynt sé að vera hlutlægur.
• Starfsmaður í skólakerfinu sem á að vinna að jafnrétti eins og aðrir starfsmenn þess.
• Er jafnréttisfulltrúi fyrir grunnskólana innan fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar í stjórnsýslu bæjarins.
• Skal sinna jafnréttismálum:
◦ Stuðla að jafnréttisfræðslu meðal starfsfólks.
◦ Vinna að auknu jafnrétti í stofnunum bæjarins.


Staðan almennt um jafnrétti
Karlasamfélag og karllægt tungumál ræður hugarfari (karllægur þankagangur).
Sjónarmið karla ríkjandi í samfélaginu og hafa meiri völd og fjárráð en konur.
Launamisrétti karla og kvenna er körlum í hag.
Sem ofbeldisgerendur er karlar líklegri en konur gagnvart gagnstæðu kyni – ofbeldi í samfélagi er skortur á jafnrétti.


STAÐAN: Ungt fólk og jafnrétti
Þjóðarspegill 2012:
Ungmenni íhaldssamari en fyrir 20 árum(?):
Bakslag í jafnrétti vegna breyttra viðhorfa.
Jafnrétti sem persónulegt mál frekar en samfélagslegt viðfangsefni – einstaklingsofhyggja.
Klámvæðing samfélags sjálfsögð?
Eðlilegt „að kaupa þjónustu“ kvenna og fyrir þær að „selja“ til að eignast eitthvað?
Auknar karlrembuhugmyndir, þ.e. aukin íhaldssemi um hlutverk kynjanna í daglegum störfum.
Auknar fegrunarkröfur til stúlkna (útlit, kynlíf, tísku...).
Goðsagnir í samræðu við veruleikann!


Jafnrétti í námi
Ísland framarlega á heimsvísu.
Stúlkur ljúka frekar framhalds- og háskólanámi á Íslandi en strákar.
Map 4.1.1 Secondary gross enrolment ratios vary amongst different regions
Gross enrolment ratio in secondary education


Stúlkur og drengir í framhaldsn.
Almar M. Halldórsson
Yfirburðir stúlkna á framh.sk.stigi í tæp 40 ár
Um 60% nemenda sem ljúka í dag framhaldsskóla um 20 ára aldur eru stúlkur og 40% eru drengir.
Karlar
Konur
1945
1955
1965
1975
1985
1995
20. mynd. Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir kyni frá stríðslokum. (Hagstofa Íslands)


Kynjamunur í læsi - PISA
Almar M. Halldórsson
Kynjamunur í lesskilningi í PISA 2000 til 2009
550
540
530
520
510
500
490
480
470
460
450
PISA stig
40
58
49
44
2000
2003
2006
2009
Stúlkur 528 522 509 522
Drengir 488 464 460 478


Niðurstaða PISA?
Almar M. Halldórsson
Mesti ójöfnuður í íslensku skólakerfi er kynjamunur
– Önnur lönd glíma við ójöfnuð vegna minnihlutahópa í samfélaginu, t.d. vegna þjóðfélagslegrar stöðu, fátæktar, innflytjenda, einkaskóla o.s.frv.
– Á Íslandi er það slök staða drengja í námi miðað við stúlkur.
• Drengir eru ekki minnihlutahópur heldur helmingur allra íslenskra nemenda.
• Margir drengir missa af mikilvægri þekkingu á grunnskólastigi og margir drengir ljúka grunnskólastigi með litla færni.
– Á Íslandi eru drengir að meðaltali langt á eftir stúlkum í námi sínu á framhaldsskólastigi.
– Þessi ójöfnuður í námsárangri er greinanlegur jafnvel á háskólastigi.




# Jafnrétti sem grunnþáttur

- EKKI sem grunnþáttur (en er hluti almennra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna)
  - Launajafnrétti starfsfólks.
  - Jafnrétti á vinnustöðum.
  - Símenntun og starfsþjálfun á vinnustöðum.
  - Samræming vinnu og fjölskyldulífs.
  - Kynbundin eða kynferðisleg áreitni starfsfólks.
  - Jafnréttisáætlanir stofnana.
- SEM grunnþáttur:
  - Jafnréttisfræðsla – formleg fræðsla um jafnrétti í „öllum“ námsgreinum.
  - Dygðir jafnréttis séu hluti skólastarfs í samskiptum við nemendur og milli nemenda (virðing, umburðarlyndi, vernd gegn ofbeldi o.fl.)
  - Jafnrétti sem almenn samskiptafærni (leikni).
  - Jafnrétti sem siðferðileg afstaða (viðhorf).

## Grunnþátturinn jafnrétti

- Sem sérstök „námsgrein“ (innan samfélagsgreina og hluti þeirra).
- Sem viðfangsefni allra námsgreina.
- Sem samþætting við daglegt skólastarf > þekking, leikni og viðhorf til HÆFNI.
- Sem sérstök kynjaáhersla innan lýðræðis og mannréttinda sem réttlætir jafnrétti sem sérstakan grunnþátt – til viðbótar grunnþættinum lýðræði og mannréttindi.

## Lagagrunnur grunnþáttarins

- *Lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla* (2008):

  23. gr. Menntun og skólastarf.

  - Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta og tómstundastarfi.
  - Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
  - Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
  - Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.
  - Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

  28. gr. Bann við mismunun í skólum og á uppeldisstofnunum.

  - Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.
  - Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi eða skjólstæðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna áreitni eða kynjamismunun.

## Samkvæmt aðalnámskrá (2011)

- Jafnréttismenntun – þroskast á eigin forsendum og lifa ábyrgu lífi.
- Vinna gegn mismunun og forréttindum.
- Jafnréttisfræðsla: víðtækir og jafnir mögu-leikar allra út frá ýmsum sjónarhornum.
- Nám um:
  - kyn og kynhneigð
  - fjölmenningu og fötlun
  - félagslega stöðu, staðalmyndir og lífsferillinn
  - aðgengi að samfélagslegum gæðum
  - heilsu, nám, atvinnu og völd í samfélaginu.

## Skólanámskráin og jafnrétti

- Hluverk skólanámskrár að lýsa kennslu-fræðilegum áherslum skóla.
- Jafnrétti sem kennslufræðileg áhersla í skólanámskrá fái sýnileika með birtingu:
  - í hverjum árgangi.
  - í hverri námsgrein?
- Hvernig notum við skóla-námskrá sem „tæki“ eða „verkfæri“ til jafnréttis?



# Hugtakið jafnrétti – í námi

- Hægt að skilgreina jafnrétti frá mörgum sjónarhornum:
  - Formlega, siðferðislega, aðstæðulega.
  - Varðandi velferð, bjargir, hæfileikanýtingu.
- Lagaskilgreiningin íslenska:
  - „*Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.*“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 1. gr.)
- HÆFILEIKAÁHERSLA?

# Dæmi um hæfileika-skilgreiningu

- Jafnrétti innan skólastarfs – að hafa réttinn til að nýta hæfileika sína óháð kyni og fá að birta þá í daglegum athöfnum í samfélagi, sem er þá tengslalegur þáttur, byggt á almennum hugmyndum um réttlæti og frelsi:
  - Gender equality in education can be defined in several ways. Taking a cue from the capability approach, gender equality in education can be defined as ensuring equality of entitlement, equality in the opportunities and equality in the capacity to exercise the entitlements and use the opportunities for both boys and girls belonging to diverse social, ethnic, linguistic or economic groups. The notion of equality also refers to relational aspects and is linked to the issue of justice and freedom. (Joytsna Jha)



# Jafnréttisorðræða hvers tíma

- Orðræða:
  - I senn orð, texti, tjáning, framkoma, völd, viðhorf, hugmyndafræði …
- Orðræða um jafnrétti:
  - Felur í sér raunverulega merkingu hlutanna.
  - Sýnir ljós og dulin viðhorf til veruleikans.
  - Ýtir undir völd og áhrif karlkynsins og veikir kvenkynið?
  - Karlkynsmálfræði tungumálsins!?
- Hver er þín orðræða um jafnrétti?!
  - Mikilvægi orðræðu kennarans - lífibrauðið!




# Kynjuð orðræða í skóla varðandi …?

- Námsstjórnun - hegðun og atferli
- Námshvatningu - hrós og sjálfseflingu
- Framtíðarstörf (kvenna- og karlastörf)
- Forystuhlutverk (karlar stjórna betur en…)
- Sjálfsmynd og kynímyndir, sjálfstraust
- Önnur atriði ótalin?
  - Hvernig er þín orðræða?


"The Pink Panther is a girl. If he was a boy he'd be the Blue Panther."

## Vitum við stöðuna í kennslu?

- Eru aðferðir nemenda ólíkar eftir félags-stöðu til að sækja námsstuðning til kennara?
- Vita kennarar hvort/hvernig ólíkar kennslu-aðferðir hafa áhrif á jafnrétti?
- Hver eru áhrif kyns á námsárangur og líðan í skóla?
- Hversu meðvitaðir eru kennarar um eigin áhrif á jafnrétti kynjanna?
- Bregðast kennarar frekar við en að vera virkir að móta til jafnréttis?

## Strákar og stelpur í námi

- „Stór-sögur“ um kyn og vandræðastráka:
  - Drengir hvattir til að sýna árangur en stelpum hrósað fyrir útlit: *Stúlkur ná betri námsárangri en drengir í grunnskólum Hafnarfjarðar.*
  - „Baldnir“ drengir og „penar“ stúlkur: *Fyrir hverja eina stúlku fá tveir drengir aðstoð sérfræðiþjónustu í grunnskólum Hafnarfjarðar*
  - Drengir fyrirferðarmiklir í kennslu en stúlkur hljóðlátar: *Drengir fá meiri aðstoð en stúlkur!?*
  - **Niðurstaðan: *Skólar eru ekki fyrir drengi!?***

We've begun to raise daughters more like sons... but few have the courage to raise our sons more like our daughters.

-Gloria Steinem

# Kynjadreifing 2010-2011 í Hfj.

| | Stúkur | Drengir |
|---|---|---|
| Kynjahlutfallið | 50% ±1% | 50% ±1% |
| Hlutfall í sérkennslu | 37% | 63% |
| Hlutfall í sérúrræðum | 22% | 78% |
| Hlutfall sem fær sálfr.þj. | 35% | 65% |
| Hlutfall sem fær talm.þj. | 35% | 65% |
| Hlutfall í einstakl.m. PMT | 25% | 75% |
| Hlutfall í Innherja | 25% | 75% |
| Hlutfall fyrir fagt. grunn. | 27% | 73% |

# Skóli sem kynjuð stofnun




- Í grunnskólum Hafnarfjarðar:
  - karlar 18%
  - konur 82%.
- Nemendur um 50% af hvoru kyni.
- Í Hafnarfirði:
  - Jöfn þátttaka í skólaverkefnum byggt á frjálsu vali, t.d. hádegismat og þjónustu náms- og starfsráðgjafa.
  - Í matskenndri þjónustu eru 2 drengir á móti 1 stúlku.
- „Karlafjarvera“ – takmarkaðar karlmennsku-fyrirmyndir í skóla.
- „Kvennærvera: - „Kvenvæðing æskunnar“ – of mikið af kvenfyrirmyndum í skóla.


Kynjaðar skýringar á skólastöðu
Kvenlegar - femínískar:
Stelpum ekki sinnt of vel miðað við stráka.
Of mikið hugsað um þarfir stráka.
Tekið tillit til óánægju stráka en ekki stelpna.
Drengir gerðir að „fórnarlömbum" í skólakerfinu, þ.e. neyddir til „að vera óalandi" í stað þess „að taka ábyrgð á eigin hegðun".
Karllegar:
Drengi skortir fyrirmyndir og fá því lélegan undirbúning fyrir framhaldið eftir grunnskóla.
Meðalmennska verður eftirsóknarverð, þ.e. strákar fá ekki næga námshvatningu og stuðning.
Skólinn sinnir ekki „áhugamálum" drengja.


Kynjavinna í menntastofnunum
Ekki er hægt að sjá fyrir eða ákveða þroska fyrir aðra.
Vertu stoð fyrir barn sem reynir á merkingu kyns (hvað sé kvenlegt, karllegt o.s.frv.).
Veltu því fyrir þér á hvern hátt starfsaðferðir þínar eru kynjaðar (orðræða, aðferðir, efni).
Hugleiddu eigin skilning á kyni barna.
Hafðu breidd í fullorðnum fyrirmyndunum.
Beindu athyglinni að samstarfi hinna full-orðnu – góðar fyrirmyndir. (Jan Kampmann)


Hver eru verkefni dagsins?
Strákar:
Fjölga (góðum) karlfyrirmyndum í skólaumhverfinu?
Ná meiri námsárangri?
Ýta undir heilbrigðar kynhugmyndir?
Aðrar hugmyndir?
Stúlkur:
Efla sjálfstraust, sérstaklega í raungreinum og varðandi leiðtogaþjálfun?
Efla sjálfseflingu stúlkna til aukinnar vellíðunar?
Vinna gegn kynhugmyndum til misnotkunar (sjálfstraust)?
Aðrar hugmyndir?
Almennt: Er skortur á tillögum um raunhæfa framkvæmd út frá jafnréttisstöðu dagsins?!


Jafnrétti sem grunnþáttur - samantekt
Minnt á mikilvægi kynjaþáttar í samfélaginu og að sá þáttur gleymist ekki í skólastarfinu.
Heildstætt viðfangsefni HÆFNI:
Þekking, leikni og viðhorf.
Nemandi, kennari og skólasamfélagið allt.
Kennslufræðileg áskorun:
Viðfangsefni skóla til skólaþróunar:
Samstaða og samvinna innan skóla um skólaþróun.
Viðfangsefni kennarans til starfsþróunar:
Persónuleg starfsþróun, sjálfsskoðun og samvinna við aðra um eigin kennslu.
Þú ert mikilvæg(ur) sem kennari fyrir auknu jafnrétti og jákvæða þróun íslensks samfélags.

B1. Sigurbjörg og Unnur






# Hvaða leið fórum við?

- Hefð fyrir vinnu með söguramma í Vogaskóla
- Litlu landnemarnir
- Komdu og skoðaðu landnámið
- Börnin með í hönnunarferli
- Hugstormun
- Teiknuðum myndir og spjöllum saman



SH og UG Vogaskóli 2009

# Samvinna

- Orð eru til alls fyrst
- Verkefnið og sögurammiinn þróaðist í höndum barnanna
- Allir virkir þátttakendur
- Allir skipta máli í hönnunarferlinu
- Börnin unnu saman í hópum



SH og UG Vogaskóli 2009


Söguramminn
Hugmynd að söguramma þróaðist með umræðum, teikningum og ritunarverkefnum
Bárum saman nútíma- og landnámsfólk
SH og UG Vogaskóli 2009


Landnámið
Af hverju fékk karlinn hressan fola?
Af hverju var landnáms-konan með kvígu?
Er konan enn með þreytta belju í eftirdragi?
Hafa karlar og konur sömu möguleika í húsnæðisleit nú á dögum?
SH og UG Vogaskóli 2009

# Auglýsingar






SH og UG Vogaskóli 2009

# Híbýlin

- Bárum saman landnámsskálann og nútímahús
- Skoðuðum hlutverk kynjanna
- Ræddum litaval
- Rúm/herbergi
- Kvennaskáli/karlaskáli?



SH og UG Vogaskóli 2009


Híbýlin
SH og UG Vogaskóli 2009


Fólkið
SH og UG Vogaskóli 2009


Farartæki
SH og UG Vogaskóli 2009


Leikræn tjáning
Að setja sig í spor gagnstæðs kyns
Börnin draga miða með aðstæðum og leika gagnstætt kyn:
Fótbolti
Snú snú
Frímútur
SH og UG Vogaskóli 2009


Vinnubrögð
Skapandi og skemmtileg verkefni
Áhersla á fjölbreytt verkefni
Höfða til ólíkra einstaklinga óháð kynferði
Áhersla á myndræn verkefni
Áhersla á ritunarverkefni
SH og UG Vogaskóli 2009


Skýr skilaboð og opnar spurningar
Hvað finnst þér mikilvægast?
Hvers vegna?
Hvað er hægt að gera í þessu?
Hvað er sanngjarnt?
Hvernig kemur jafnréttið fram í því?
SH og UG Vogaskóli 2009


Ritunarverkefni
Nefndu dæmi um jafnrétti kynjanna
Nefndu dæmi um ójafnrétti kynjanna
Að setja sig í spor gagnstæðs kyns
Hvað er til bóta?
Jafnréttisklípusögur
Ég get það sem ég vil
SH og UG Vogaskóli 2009


Dæmi um ritunarverkefni
Jafnrétti kynjanna ritunarverkefni 4 - heimaverkefni
Ég get það sem ég vil!
______ Hverju hefur þú áhuga á ?
______ Í hverju ert þú góð/góður ?
______ Í hverju vilt þú bæta þig ?
______ Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin/orðinn fullorðin/fullorðinn og af hverju?
______ Hvað þarft þú að gera til að geta orðið það ?
______ Hvernig vilt þú að verkskipting verði á þínu heimili þegar þú verður stór og komin/kominn með þína eigin fjölskyldu ? (Hverjir vinna verkin heima ? Hverjir vinna utan heimilisins?)
______ Hafa strákar og stelpur, menn og konur sömu tækifæri í lífinu? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
______ Skrifaðu fleira sem þér dettur í hug og tengist fyrirsögninni: Ég get það sem ég vil!
SH og UG Vogaskóli 2009


Gullkorn
Augun eru eins
Pottþétt æðislegt að vera stelpa (strákur)
Jafnrétti er töff!
Jafnrétti er rétt!
Sömu áhugamál
Kynin eru býsna lík
Ég hef lært mjög mikið
SH og UG Vogaskóli 2009


Skýrslur
Viðhorf og jákvæðni barnanna
Skoðanir barnanna
23 skýrslur og myndir af vinnu barnanna
SH og UG Vogaskóli 2009

# Bekkjarkvöld

- Verkefnið kynnt foreldrum
- Börnin bjuggu til búninga
- Texti upp úr ritunarverkefnum fluttur



SH og UG Vogaskóli 2009

# Ávinningur

- Breytt framtíðarsýn
- Allir meðvitaðir um jafnrétti kynjanna
- Allir geta það sem þeir vilja óháð kyni
- Merkjanlegur munur á viðhorfi fyrir og eftir



SH og UG Vogaskóli 2009


www.jafnrettiiskolum.is
rvk.is/jafnrettiiskolum
Tilraunaskolar
Vogaskóli
4.bekkur
Sögurammi og skýrslur
SH og UG Vogaskóli 2009


Heimildamynd
Nemendur í 10. bekk tóku upp hluta verkefnisins með aðstoð kennara
Verkefnið varðveitt á DVD
SH og UG Vogaskóli 2009

B2. Kolbrún Anna Björnsdóttir







Jafnrétti er eins og Súkkulaði
Súkkulaði er ekki nammi - það er lífsstíll
Jafnrétti er ekki bara fyrir tyllidaga - það er lífsstíll


Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
• Vefurinn www.barnasattmali.is er frábært tæki til að hefja jafnréttisvinnu
• Börn þurfa vernd umfram hina fullorðnu
• Börn njóta réttinda sem sjálfstæðir einstaklingar
• Munur á réttindum og forréttindum
• Réttindum fylgir skyldan til að virða sömu réttindi annarra.


Eru 80% nóg?
Prezi


• Heildarmánaðarlaun kvenna eru nú 123.000kr lægri en heildarmánaðarlaun karla
• Fleiri konur sækja sér menntun en hún skilar þeim síður störfum og/eða launum við hæfi
• Rannsóknir á viðhorfum ungmenna til jafnréttis sýna fram á íhaldssöm viðhorf til kyngervis og kynhlutverka
Prezi


Mars og Venus?
Aðeins um meint eðli kynjanna
Hann:
Hún:
virkur
rýmisgreind
skilningur á vélum
Í alvöru?
Prezi


Eðlis- og tvíhyggja í skólanum
• Alhæfingar um hlutverk og eðli kynjanna
stelpuval og strákaval, strákar með læti,
stelpur blaðra
• Kynjað orðaval
duglegar stelpur, snjallir strákar, "kerling"
• Mismunandi væntingar til kynjanna
stelpur vandvirkar, strákar skapandi
Prezi


Skaðlegar staðalmyndir
innflytjandi
útlendingur
múslimi
stelpa
gulur
hommi
lesbía
svartur
geðveikur
fatlaður
strákur
Prezi


Félagsmótun
Fyrirmynd
Prezi


Fyrirmyndarkonur?
Bechdel-próf:
Prezi


Fyrirmylndir í barnaefni?
Prezi


Kynvitund vaknar
Klámvæðingin
• hlutgerving kvenlíkamans
• brenglað raunveruleikaskyn
• valdaójafnvægi
• ofbeldi
• nauðgun sem vopn
Viðbrögð óskast!


Stiklað á stóru
• námsefni um jafnrétti verður gefið út í janúar
• Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem upphafspunktur
• áframhaldandi jafnréttisvinna er nauðsynleg
• það þarf að uppræta eðlishyggju og heftandi staðalmyndum
• kyngervismótun er ævilangt félagslegt ferli
• mótandi þættir þarfnast endurskoðunar
• klámvæðingin teygir anga sína inn í grunnskólann
• kyn- og kynlífsfræðsla þarf að byrja fyrr

B3. Helga Helgadóttir



# Jafnréttisfræðsla á unglingastigi

og jafnrétti í daglegu skólastarfi

Helga Helgadóttir
Vor 2013

# Jafnréttiskennarinn

- Fyrsta skrefið í þá átt að vera „jafnréttiskennari" er að viðurkenna sjálf/-ur að jafnrétti hefur ekki náðst á Íslandi (þó staðan hér sé betri en víðast hvar)
- Að vita í hverju ójafnréttið felst (almennt og í nærumhverfinu/skólasamfélagið, ég sjálf…)
- Ójafnrétti bitnar á báðum kynjum (þó svo oft halli á konur)
- Úrbætur þurfa að gagnast báðum kynjum eða mega a.m.k. ekki vera ósanngjarnar gagnvart öðru kyninu

## Jafnrétti í daglegu skólastarfi

- Upp með kynjagleraugun
- Í fullu gildi
- Breyta mjög sýn á allt það sem er í okkar daglega umhverfi
  - Hvernig við sjálf tölum
  - Hvernig við ,,heyrum"
  - Hvernig við lítum á prentað efni, efni á ljósvakamiðlum, samfélagsmiðlum og jafnvel námsefni
  - Hvernig við sjáum staðalmyndir birtast



## Skoðið með kynjagleraugunum...

- Myndbönd, tónlistarmyndbönd, auglýsingar
- Survival of the sexiest (Andsager og Roe)








- Bechdel prófið í kvikmyndum



## Jafnrétti í daglegu starfi

### Orðræðan

- Karlar eru gjarnan niðurlægðir með því að kvengera hegðun þeirra: „hlaupa eins og stelpur“, „kasta bolta eins og stelpur“, „grenja eins og smástelpur“ og „láta eins og kellingar“. Það er heldur ekki jákvætt að vera ,,stelpustrákur”. ,,Strákastelpa” er annað mál.




- Hvaða áhrif hefur orðræðan á sjálfsmynd stúlkna sem „hlaupa eins og stelpur“, „grenja eins og smástelpur“ og „kasta eins og stelpur“ vegna þess að þær eru…stelpur?

## Kommentakerfi DV (og fleiri miðla)



- Sænsk kona að fagna á Eurovisionkeppninni
- Fékk þúsundir athugasemda um hversu viðbjóðsleg, sóðaleg, ógeðsleg….hún væri
- Í mótmælaskyni við eineltið ákvað hópur feminista að hætta að raka sig og birta myndir af líkhamshárum sínum
- Kommentakerfið lét ekki á sér standa:
  - *HAHA,DJÖFULSINS VITLEYSA, SVO FINNST ÞESSUM KONUM FURÐULEGT AÐ FÓLK TAKI SIG EKKI ALVARLEGA…VERÐUR SKRAUTLEGT FYRIR EINHLEYPA,STRÁKA AÐ FARA HEIM AF DJAMMINU MEÐ KAFLOÐNUM HÁSKÓLAPÍUM UM HELGINA*
  - *ÞESSAR BELJUR ERU MEÐ ÞAÐ MARKMIÐ AÐ DEYGJA EINAR*
  - *FYRIR MÉR ERU SVONA GRÓFIR FEMENISTAR, KVENNFÓLK MEÐ GEÐHVARFASÝKI..*

## Hafsjór af efni í fréttum sem nota má í kennslu

- **Dæmi um efni af VÍSI og MBL 16.4.2013**
- Vísir.is
  - **Sáralitlar breytingar á launamun kynjanna undanfarin ár** – umræðuefni: launamunur kynjanna
  - **Skrifuðu á kynfæri sofandi stúlku eftir að þeir misnotuðu hana** – umræðuefni: kynbundið ofbeldi
  - **Blikastelpurnar sáu um Wales** – umræðuefni: íþróttaumfjöllun í fjölmiðlum, t.d. skoða hlut kynjanna (allt í lagi að nota jákvæða umfjöllun, hún er líka til og sýnir jafnframt jákvæðar fyrirmyndir)





- Mbl.is
  - **Barbie væri á fjórum fótum með hangandi haus (og hálfa lifur)** – umræðuefni: útlitsdýrkun
  - **Helga nýr framkvæmdastjóri LOGOS** – umræðuefni: kynjahlutföll í stjórnunarstöðum/konur í valdastöðum og orðræðan um þær





- Nýlegar stórfréttir sem mætti gera sér mat úr:
  - Margaret Thatcher - Járnfrúin
  - Steubenville (Húsavík)

## Bein fræðsla um jafnrétti
## Námsefni um jafnrétti ætlað unglingum




- Huxarinn eftir Írisi Arnardóttur. Verkefnabók (og kennarahefti) í jafnréttisfræðslu.
  - Markmið: að skapa samræður milli nemenda og kennara byggða á jafnréttisgrundvelli, virðingu og virkri hlustun.

## Huxarinn - framhald




- Verkefni snúa að jafnrétti kynjanna, staðalmyndum, fjármálalæsi, gagnrýninni, heimspekilegri hugsun.
- Dæmi um verkefni: verkaskipting, kynímynd og fjölmiðlar, skilnaður, kynjaðar tilfinningar, ástin, ofbeldi, staðalímyndir í bókmenntum, fóstureyðing og ungir foreldrar, að kaupa bíl, reka bíl og taka bílpróf, kynbundið uppeldi, hæfileikar og langanir...

## Kynlega klippt og skorið



- Þemahefti um kynjamál fyrir unglingastig eftir Ásdísi Olsen og Karl Ágúst Úlfsson (kennsluleiðbeiningar eftir Lilju M.Jóns)
  - Úrklippubók unglings sem er að velta fyrir sér málefnum kynjanna. Ýmis félagsmótandi öfl eru skoðuð í spéspegli og athyglinni beint að ríkjandi gildismati samfélagsins. Efninu er ætlað að vera kveikja að umræðum og verkefnum um málefnið.
  - Dæmi um viðfangsefni: kynferðislegt ofbeldi, kvennabaráttan, karlmennskan, kynhlutverkin, ofurhetjur, er kona maður?, heimilisverkin, fegurðarstaðlar...

## Námsefni þar sem jafnrétti kynjanna kemur við sögu

- Stefnan sett! Um náms og starfsval
- Vefur á www.nams.is ásamt möppu
  - 3.kafli fjallar um kynjaskiptan vinnumarkað og jafnrétti kynjanna



- Helstu markmið eru m.a. að nemendur fræðist um kynbundið námsval og hvernig það hefur áhrif á jafnrétti kynjanna. Að gera nemendur meðvitaða um staðalmyndir sem þeir kunna að hafa um störf. Að nemendur endurmeti viðhorf sín og víki sjóndeildarhring m.t.t. námsleiða og starfa. Að nemendur fái tækifæri til að skiptast á skoðunum um jafnréttismál og fjalla um þau á gagnrýninn hátt.
- Í kennsluleiðbeiningum er bent á annað efni sem nýst getur í jafnréttisfræðslu

## Námsefni þar sem jafnrétti kynjanna kemur við sögu




- Kompás. Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk. Einnig vefur á www.nams.is

- Handbókin hefur að geyma raunhæfar hugmyndir og hagnýt verkefni sem ætluð er að virkja og vekja jákvæða vitund ungs fólks um mannréttindi og fá það til að vinna í þágu mannréttinda á sinn eigin hátt, í sínu samfélagi.
- Dæmi um jafnréttisverkefni í Kompás: Kvenhetjur og karlhetjur, leiðin til jafnréttislands, mismunandi laun, heimilisofbeldi, hvað með kynlífið?, jafnrétti kynjanna – hugtök, öll jöfn öll ólík

## Leiðin til jafnréttislands

- Gæti verið heppilegt þemaverkefni?
  - Jafnréttisland er land þar sem raunverulegt jafnrétti kynjanna ríkir (núna er það aðeins til í hugum fólks)
  - Nemendur velta því fyrir sér í hópum hvernig þeir hugsa sér slíkt land, hvaða hindrunum þeir gætu mætt á leiðinni þangað og hvernig mætti yfirstíga þessar hindranir.
  - Hóparnir útbúa kort af sínu landi þar sem hindranir og lausnir koma fram
  - Kortin kynnt fyrir hinum hópunum

## Námsefni þar sem jafnrétti kynjanna kemur við sögu

- Leið þín um lífið. Siðfræði fyrir ungt fólk.
  - Fjallað er um jafnrétti karla og kvenna á bls. 59-64
  - M.a. fjallað um sambúð, sögulegt ágrip jafnréttismála, staðalmyndir, kynjahlutverkin, nýja karlar og nýjar konur, hjónaband og fjölskyldu.




## Annað efni

- **Kynungabók.**
  - Upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja. Gefið út af Menntamálaráðuneytinu 2010.




- Markmið: Veita raunsæja mynd af stöðu kynjanna í samfélaginu, Sýna fram á að jafnréttismál varða bæði kynin. Vekja ungt fólk til umhugsunar um áhrif kynferðis á líf þess. Fjalla um mismunandi mótun kynjanna út frá menningu, umhverfi og tíma.Vekja ungt fólk til meðvitundar um réttindi sín.
- Fjallað er um kynin út frá fjölskyldu, skólagöngu, vinnumarkaði, fjölmiðlum, heilsufari, ofbeldi, stjórnkerfi og lagaumhverfi.

- Margt er um að velja. Efni á www.nams.is
- Jafnréttishandbókin (Námsgagnastofnun)
  - Fjallað um jafnrétti í skólastarfi, skyldur skólans og ábyrgð í jafnréttismálum. Fjallað er um hvernig skólar setja sér jafnréttisstefnu og sjónum beint að jafnrétti kynjanna í námi og starfi. Í bókinni er m.a. að finna gátlista fyrir kennara, eyðublöð og hugmyndir að verkefnum í kennslu.




# Tenglar

- www.jafnretti.is
- www.jafnrettiiskolum.is
- Verkefni, spurningalistar o.fl. á vefsíðunni http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html.
- http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/media/jafn/kyn_og_vinnumarkadur_lengri.pdf

## Jafnrétti sem fag, þverfaglegt, þemakennsla...?

- Hægt að flétta jafnréttisfræðslu í allar greinar/allt skólastarf með því að vera með kynjagleraugun og huga að orðræðunni. Einnig með því að grípa það sem efst er á baugi hverju sinni í málaflokknum og nýta í umræður með nemendum.
- Ætti að vera auðvelt að finna bein tengsl í t.d. samfélagsgreinum, náttúrufræði, tungumálum og bókmenntum.
- Nóg til af efni til að kenna sem sérstaka grein yfir e-n tíma en myndi líka henta vel í skorpum (þemavinnu).

Gangi ykkur vel að innleiða grunnþáttinn jafnrétti og góða skemmtun ☺



Takk fyrir mig!

# 2.4. Viðauki með fræðslu/fyrirlestrum

## Viðauki 1:

**Um jafnrétti í Gátlista Námsgagnastofnunar fyrir höfunda og starfsfólk**

- Námsefni skal stuðla að mannréttindum og jafnrétti manna. Það skal vera laust við fordóma, t.d. um búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, kynþætti, stétt eða trúarbrögð. Leitast skal við að vinna gegn hvers konar viðhorfum sem hvetja til misréttis eða viðhalda því.
- Forðast ber að mismuna kynjum eða fjalla með einhliða hætti um hlutverk kynjanna. Leitast skal við eftir megni að ámóta fjöldi dæma sé tekinn af hvoru kyni, að áhugamálum beggja kynja sé gert jafnhátt undir höfði og að drengir og stúlkur séu ekki eingöngu sýnd í svokölluðum hefðbundnum hlutverkum.

**Námsefni sem Námsgagnastofnun gefur út þar sem fjallað er um jafnrétti að hluta eða öllu leyti**

*Allir eiga rétt* (útg. 2007)
Vefur með kennsluhugmyndum um mannréttindi, jafnrétti o.fl. Í samstarfi við UNICEF Ísland.

*Barnasáttmálinn* (útg. 2008 og 2009)
Um Barnasáttmála SÞ. Tvö veggspjöld og bæklingur ásamt vef. Í samstarfi við Barnaheill og umboðsmann barna. (sjá www.barnasattmali.is)

*Borgaravitund og lýðræði* (útg. 2005)
Vefur með kennsluhugmyndum. Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Ég er bara ég* (útg. 2000) – ásamt kennsluleiðbeiningum á vef
Höf. Ádís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson (ekki lengur í dreifingu)

*Jafnréttishandbókin* (útg. 2000)
Höf. Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir

*Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk* (útg. 2009)
Í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Frumútgáfa er Evrópuráðsins.

*Kynlega klippt og skorið* (útg. 2001)
Höf. Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson (ekki lengur í dreifingu)

*Leið þín um lífið – Siðfræði fyrir ungt fólk* (útg. 2002)
Þýtt úr þýsku: Stefán Jónsson. Vinnublöð á vef (útg. 2008). Ísl. þýðing: Skúli Pálsson.

*Margt er um að velja* – náms-og starfsfræðsla á vef (útg. 2004)
Berglind Helga Sigurþórsdóttir og Helga Helgadóttir

*Sagan af Sylvíu og Darra* – leikin mynd í niðurhali af www.nams.is (útg. 2000)

*Stefnan sett! – Um náms- og starfsval* (útg. 2011)
Höf. Helga Helgadóttir

*Þjóðfélagsfræði* (3. útg. 2009)
Höf. Garðar Gíslason

Samantekt Aldís Yngvadóttir, 2013.

## 2.5. Ítarefni

### JAFNRÉTTI:

### Sáttmálar, lög og reglugerðir:

- Barnasáttmáli SÞ (lög á Íslandi 2013).
- Evrópusáttmáli um jafnrétti í sveitarfélögum.
- Félagsmálasáttmáli Evrópu.
- Jafnréttisstefna Hafnarfjarðar 2012-2014.
- Kvennasáttmáli SÞ.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna (2008).
- Mannréttindayfirlýsing SÞ.

*Bækur*:

- *Fagmennska og forysta. Þættir í skólastjórnun* e. Börkur Hansen, Ólaf H. Jóhannsson og og Steinunn Helgu Lárusdóttur (ritstjórar). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands 2003.
- *Jafnréttishandbók fyrir starfsfólk skóla - Jafnréttishandbókin* e. Hafstein Karlsson og Stefaníu Traustadóttur. Reykjavík: Námsgagnastofnun 2003.
- *Jöfnum leikinn. Handbók um kynjasamþættingu*. Akureyri: Jafnréttisstofa 2009.
- *Karlmennska og jafnréttisuppeldi* e. Ingólf Á. Jóhannesson . Reykjavík: Háskólaútgáfan (2005).
- *Kynjamyndir í skólastarfi.* Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdótir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennara háskóla Íslands, 2005. Vefútgáfa fáanleg.
- *Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðislegri hugsun og starfi*. Anne-Lise Arnesen (aðalritstjóri). Reykjavík: Háskólaútgáfan 1998.
- *Menntun, forysta og kynferð*i e. Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2007.
- *Píkutorfan* e. Linda Norrman Skugge, Belinda Olsson og Brita Zilg. Reykjavík: Forlagið 2000.
- *Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri* e. Liza Marklund og Lotta Snickare. Akranes: Uppheimar 2006.

*Vefsíður*:

- Basic education and gender equality (UNESCO)
- Allir eiga rétt (Námsgagnastofnun).
- Vefur Jafnréttisstofu.
- Jafnrétti í skólum.
- Jafnréttisfræðsla í grunnskólum Reykjavíkur.
- Klárari en þú heldur (Námsgagnastofnun)
- Kynfræðslutorg  (Námsgagnastofnun).
- Margt er um að velja (Námsgagnastofnun).
- Vefur Gail Dines - um klámvæðingu og fleira.

*Vefefni*:

- Alþjóðadagur kennara 2011 – Kynjajafnrétti.
- Boys in school and society.
- Equality and Diversity Checklist for Learning and Teaching (leiðbeiningar fyrir kennara til að stuðla að jafnrétti fyrir nemendur með sérþarfir). Hertfordshire Adult and Family Learning Service.
- Equality – Stanford encyclopedia of philosophy.
- Equality in education (gagnabanki).
- Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í skólum. MA ritgerð í kynjafræði, HÍ 2009.
- „Ég lít ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu“: Um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf e. Katrínu Önnu Guðmundsdóttur. Meistararitgerð 2012.
- Gender and learning: equity, equality and pedagogy (Wiley).
- Gender and education (and employment) (NESSE).
- Gender equality and education (VSO paper).
- Gender equality in education (OECD, 2012).
- Gender equality in classroom instruction (UNESCO 2006).
- Jafnréttisgátlisti – leiðbeiningar um opinbera stefnumótun um jafnrétti (Forsætisráðuneytið 2007).
- Greiningarlykill Schuster og Van Dyne.
- Kyn og vasapeningar (grein).
- Kynjafræðsla í skólum. Hindranir og tækifæri. Netla, 2011.
- Nýir drengir og nýjar stúlkur – ný uppeldisfræði.
- Ólík framkoma kennara gagnvart stelpum og strákum. (Myndband). Viðmælandi: Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari og forkona jafnréttisnefndar KÍ. Fræðslumyndband KÍ (5 mín.).
- Public sector equality duty guidance for schools in England (Equality and Human rigth commission guidance, 2012).
- Report on gender initiative... (UNESCO).
- Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja í Reykjavík (2011).
- Show racism the red card.
- Supporting equality in education (grein).
- The global gender gap report 2012. World Economic Forum.
- The role of men and boys in achieving gender equality (UN, 2003)
- Jafnréttisútgáfuefni og samantekt á efni annarra frá Jafnréttisstofu.
- World eAtlas of gender equality in education (UNESCO).

**Kennsluefni um jafnrétti:**

*Yngsta stig*:

- *Eru fjöllin blá? Bók fyrir unga heimspekinga* e. Írisi Arnardóttur. Akureyri: Tindur 2010.
- *Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar* e. Louise Windfeldt og Katrine Clante. Akureyri: Jafnréttisstofa 2009. Kennsluleiðbeiningar.
- *Ég er bara ég* e. Ásdísi Olsen og Karl Ágúst Úlfsson. Reykjavík: Námsgagnastofnun 2000/2001). Kennsluleiðbeiningar.
- Hugmyndir að jafnréttisverkefnum (Reykjavíkurborg).
- Jafnrétti kynjanna frá landnámi til vorra daga (Myndband frá Vogaskóla).

*Miðstig*:

- Colin Stokes um kynjaskilaboð í kvikmynd (Myndband á TED).
- Colin Stokes um að velja réttar myndir fyrir börn (Myndbandá TED)
- Hugmyndir af jafnréttisverkefnum (Reykjavíkurborg).
- Kynlíf – kynfræðsla fyrir ungt fólk DRENGIR - Kennsluleiðbeiningar.
- Kynlíf – kynfræðsla fyrir ungt fólk STÚLKUR - Kennsluleiðbeiningar.
- Kynfræðsluvefurinn.
- Verkefni í jafnréttisfræðslu – Reykjavík.

*Elsta stig/unglingastig*:

- Bechdel prófið í kvikmyndum (Myndband á You Tube).
- Börn og klámvæðing – grein.
- Hugmyndir að jafnréttisverkefnum (Reykjavíkurborg).
- Huxarinn e. Írisi Arnardóttur. Akureyri: Tindur 2010.
- Jafnréttislestin – Kynjaverkefni í kvikmyndagreiningu (Lækjarskóli)
- Kompás – handbók í vefútgáfu (Námsgagnastofnun).
- Kyn og fjölmiðlar – Gena Davis stofnunin.
- Kynhlutverkum snúið við (kanadískt myndband).
- Kynjamunur – rannsókn.
- Kynlega klippt og skorið.
- Kynungabók.
- Stefnan sett (Námsgagnastofnun)
- Um stráka og stelpur – Kynfræðsla. (Námsgagnastofnun.)
- Vefleikurinn Flótti – kennsluleiðbeiningar.
- Verkefni í jafnréttisfræðslu – Reykjavík.
- Það er auðveldara að kljúfa atóm en fordóma e. Björk Þorgeirsdóttur, Jóhann Björnsson og Þórð Kristinsson.

# Grunnþáttur menntunar:

# 3. LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Fyrirlesari:
Margrét Júlía Rafnsdóttir, kennari

| GRUNN-ÞÁTTUR > | **LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI** | |
|---|---|---|
| Fyrirles. → | Margrét J. Rafnsdóttir, Barnaheill | Samræðutími (80 mín.) |
| Áslandsskóli | 6. des. kl. 13.40-15 | |
| Hraunvallaskóli | 29. nóv. kl.14.40-16 | |
| Hvaleyrarskóli | 26. nóv. kl.14.15-15.45 | |
| Lækjarskóli | 1. nóv. kl. 14.15-15.45 | |
| Setbergsskóli | 11. okt. kl.14.30-16 | |
| Víðistaðaskóli | 15. nóv. kl.14.30-16 | |
| Öldutúnsskóli | 6. nóv. kl.14.30-16 | |
| Stóru-Vogaskóli | 27. nóv. kl. 14.40-16.10 | |
| Álftanesskóli | 24. okt. kl. 14.55-16.15 | |

# 3.1. Útdráttur þemaheftis LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI




Þema- og fræðsluheftið LÝÐRÆÐI MANNRÉTTINDI er gefið út í tengslum við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla sem ein af sex áherslum um grunnþætti menntunar og gefur þá um leið kynna mikilvægan áhersluþátt í nýrri menntastefnu skólastiganna.

Heftið skiptist í 16 kafla þar sem hver kafli er sjálfstæður og tekur á afmörkuðum þáttum lýðræðis og mannréttinda, eðli hugtakanna, hlut þeirra í skólastarfi, tengslin við heimilin og aðgerðir til að vinna með þættina í kennslu.

Megináhersla ritsins er á að kynna ýmis sjónarmið til viðfangsefnisins lýðræði og mannréttindi, sérstaklega frá sjónarhóli heimspeki og tengja þá umræðu við skólastarf. Það er gert með umfjöllun í 16 köflum á mismunandi þætti í hverjum kafla.

Í heftinu talsverð umræða um tengsl lýðræðis og mannréttinda við hina grunnþættina fimm, sérstaklega sjálfbærni, en einnig jafnrétti og læsi. Þannig er bent á ólíkar hugmyndir um mannréttindi eftir þjóðfélagsgerð og þróun samfélaga þar sem hugtakið sjálfbærni virðist fá meira vægi sem mannréttindlegt viðfangsefni í fátækum ríkjum en ríkum. Barnasáttmáli SÞ um réttindi barna fær vægi í heftinu sem „innskotstextar“ en er ekki sem almenn umfjöllun. Í heftinu eru dæmi um siðferðileg álitamál tengd kennslu er snúa að mannréttindum og daglegu skólastarfi.

Mesta umfjöllun í ritinu fá heimspekileg hugtök og umfjöllun um heimspekilega samræðu. Þarna koma fyrir hugtök eins og fordómar, fljótadómar og forhertir dómar og samræðuhugtök eins og hversdagssamræða, samstöðusamræða, kappræða og rökræða, samspil samræðu og þröngsýni og samræðusamfélag. Þess utan er margvísleg vísan í einstaklinga, kenningar, ólíkar sýnir um skólahugmyndir og menntun með óbeinar tengingar við viðfangsefni ritsins. Dæmi um slíkt eru umfjallanir um viðfangsefni eins og „að drepa tímann“ og hugtakið „lífsmenntun“. Svo áhersla ritsins er á margvíslegar hliðar lýðræðislegrar umræðu.

- Þemaheftið LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI (pdf).
- Þemaheftið Lýðræði og mannréttindi (rafbók Námsgagnastofnunar).

# 3.2. Útdráttur fræðslu um LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Lýðræði og mannréttindi flókið viðfangsefni og margvíslegt en til að nálgast viðfangsefnið er umræðunni skipt í fimm hluta. Samantektin hér tekur mið af þessari fimmskiptingu:

1. Hvers vegna áhersla á lýðræði og mannréttindi í skólastarfi?
2. Lýðræði og mannréttindi og grunnþættir menntunar.
3. Lýðræði og mannréttindi.
4. Barnasáttmáli SÞ.
5. Mannréttindi og lýðræði í skólastarfi.

**1. Hvers vegna áhersla á lýðræði og mannréttindi í skólastarfi?**

Það er margvíslegar ástæður fyrir þessari áherslu á lýðræði og mannréttindi í skólastarfi grunnskóla. Það augljósa er að Ísland er aðili að margvíslegum alþjóðlegum sáttmálum og lögum sem verið er að vinna með í verki í skólastarfi. Aðalnámskrá grunnskóla (2011) leggur áherslu á þessar alþjóðlegu skuldbindingar og telur mikilvægt að fylgja þeim eftir í skólastarfi. Dæmi um slíka samninga/lög eru t.d. Barnasáttmáli SÞ, Mannréttindasamningur Evrópuráðsins, Mannréttindayfirlýsing SÞ og Dagskrá 21. Þá eru margvísleg lög á Íslandi sem styðja við áherslur á lýðræði og mannréttindi barna, t.d. barnalög, barnaverndarlög, æskulýðslög og lög um grunnskóla. Áherslan á lýðræði og mannréttindi felur í sér að það sé hluti skólastarfs að börn læri um réttindi sín og fái stuðning til að taka ábyrgð í samræmi við það eins og aldur þeirra, þroski og reynsla gefur tilefni til. Þannig felur áherslan í sér að börnum sé leiðbeint og þau alin upp í því að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð, læri virðingu í félagslegum samskiptum og viðurkenni marg- og fjölbreytileika samfélags með því umburðarlyndi sem nauðsynlegt er til að lifa saman í sátt og samlyndi – í skóla og í samfélaginu.

**2. Lýðræði og mannréttindi og grunnþættir menntunar.**

Eins og segja má um hvern grunnþátt menntunar á hann tengingar við aðra grunnþætti um leið og þeir hafa sjálfstlæðan tilverurétt. Lýðræði og mannréttindi eiga mikla tengingu við grunnþáttinn jafnrétti (sem fær helgaðan sérstakan kafla í fræðsluheftinu). Grunnþátturinn sjálfbærni leggur áherslu á verndun náttúrunnar og jarðarinnar en ekki síður verndun félagslegs umhverfis í félagsmálasáttmálanum *Dagskrá 21* sem hefur sjálfbærni að lykilviðfangsefni. Í skólastarfi er mikilvægt að hægt sé að skipuleggja viðfangsefni hvers grunnþáttar sérstaklega út frá sérstöðu sinni en um leið að grunnþættirnar vinni saman, tengist og vinni hver með öðrum.

**3. Lýðræði og mannréttindi.**

Í aðalnámskrá grunnskóla er lýðræði og mannréttindum steypt saman í einn grunnþátt menntunar (sjá bls. 19) en nánar um hvort viðfangsefni um sig:

a. ***Lýðræði***. Lýðræði mikilvægur þáttur í menntun einstaklings, í samspili við aðra grunnþætti. Lýðræði er viðfangsefni sem skal móta daglegt atferli og er því

viðfangsefni sem lærist í skólastarfi en verður ekki bara „kennt". Lýðræðismenntun felur þannig í sér þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og lýðræðislegir starfshættir eru þannig þættir í daglegu skólastarfi sem þarf að skilgreina. Jafnframt eru skólar með ákveðið menntahlutverk sem færir þeim ákveðin völd í starfsemi stofnunar gagnvart nemendum. Formlega fá aðilar skólasamfélags vald í ákveðnum hlutverkum, t.d. í nemendaráði og skólaráði. Óformlega vinna skólar að því að nemendur læri lýðræðislega virkni í starfsháttum sínum, námsferli og þátttöku í skólastarfinu, allt í allt nemendalýðræði. Það er stöðugt ferðalag frá upphafi skólagöngunnar til loka hennar þar sem stöðugt hlýtur að vera sett í hendur nemenda til að taka ábyrgð á sjálfum sér og eigin námi til að ná markmiðum aðalnámskrár.

b. ***Mannréttindi.*** Mannréttindi hér fela í sér virðingu fyrir börnum og manngildi þeirra, eigin og gagnvart öðrum nemendum. Mannréttindi fela einnig í sér viðurkenningu á hæfileikum hvers nemanda og þroskamöguleikum hans þar sem skólinn er mikilvæg varða á þeirri lífsgöngu hvers nemanda. Í því felst að nemendur fái að vita um réttindi sín og taki vaxandi ábyrgð á sjálfum sér (frekar en að hann hafi skyldur, þær eru hins vegar viðfangsefni hins fullorðna samhliða réttindum þeirra) með auknum aldri og þroska. Börn, foreldrar og þeir sem vinna með börnum þurfa að læra mun á réttindum og forréttindum og tileinka sér slíkt sjónarmið. Í skólastarfi snúast mannréttindi um að börn fái einnig nám við hæfi, stundum rætt um „nám án aðgreiningar" eða „skóli fyrir alla" í því samhengi. Að því leyti eru mannréttindi skyldur til skólanna sjálfra frá nemendum að mæta námslegum þörfum þeirra.

**4. Barnasáttmáli SÞ.**

Barnasáttmáli SÞ afmarkar og skilgreinir sameiginlegan skilning í hverju réttindi barna eru fólgin um allan heim. Þetta er alþjóðlegur sáttmáli og Ísland er aðli að honum en samningurinn þó hefur ekki lagagildi á Íslandi enn sem komið er (en það breytist vonandi fljótlega). Hann dregur upp fjórar víddir réttinda barna sem eru uppeldislegar, lagalegar, siðferðilegar og pólitískar. Í meginatriðum felst í því að börn eigi rétt á umhyggju, vernd og þátttöku í samfélaginu sem sívaxandi réttindum og ábyrgð. Reglurnar í sáttmálanum eru ýmist grunnreglur (2., 3., 6. og 12. grein) eða útfærslur þeirra. Grunngreinar sáttmálans eru 2., 3., 6. og 12. grein. Margar aðrar greinar byggjast á þessum grunngreinum.

**5. Mannréttindi og lýðræði í skólastarfinu.**

Skólar eru og hafa verið að vinna með lýðræði og mannréttindi í skólastarfi um langa hríð, bæði sem hluti af starfsháttum sínum og einnig hluti fræðslu í hinum ýmsu námsgreinum. Með nýrri áherslu í aðalnámskrá eru skólar hvattir til að yfirfara eigin áherslur og stefnur og rýna með tilliti til grunnþátta menntunar. Mikilvægt er að skrá það sem gert er, samhæfa og endurskoða. Í því getur sömuleiðis falist fyrir skóla að yfirfara starfshætti sína, skoða inntak fræðslu, skipulag nemendastarfs, fara í frekari samræðu um viðfangsefnin og endurskoða skólanámskrá í ljósi breyttrar menntastefnu. Sem stjórnsýsluleg stofnun þarf að fara yfir möguleika til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfinu, hafa opið fyrir forystu og starfsþróun í

starfsmannasamfélaginu og nýta þær formlegu leiðir sem gefa tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku í skólasamfélaginu sem lög gera ráð fyrir. Loks þarf að (endur)skilgreina hlut fræðslu um lýðræði og mannréttindi í skólastarfinu, samhæfa hana milli árganga og námsgreina, nýta sér mögulegt námsefni og starfa saman að fræðslu eins og hver skóli markar sér stefnu og áherslur um. Mikilvægt er að skoða hvernig grunnþættir fléttast inn í daglegt skólastarf, inn í einstakar námsgreinar eða aldurshópa. Jafnframt er hægt að vinna með grunnþættina í þematengdri vinnu, hvern grunnþátt fyrir sig, eða samþætta þá.

■

## 3.3. Fræðsluglærur/slæður (A-5)







Af hverju að kenna um mannréttindi og lýðræði í grunnskóla?
Alþjóðlegir samningar og íslensk lög kveða á um það.
Aðalnámskrá grunnskóla 2011 – grunnþættir menntunar.
Mikilvægt að börn læri um réttindi sín og ábyrgð gagnvart öðrum og kunni lýðræðisleg vinnubrögð.
Viljum ala upp kynslóð sem ber virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins, virðir rétt annarra, þ.m.t. rétt komandi kynslóða (sjálfbærni) og allra jarðarbúa.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
3


Alþjóðlegir samningar og íslensk lög
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.
Mannréttindasamningur Evrópu.
Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.
Dagskrá 21; umhverfi og þróun– útrýming fátæktar þátttaka almennings, jafnt barna sem fullorðinna, þátttaka ungmenna í verkefnum sem stuðla að sjálfbærri þróun, þátttaka í ákvarðanatöku á öllum stigum mála.
Barnalög.
Barnaverndarlög.
Æskulýðslög; þátttaka ungmenna– lýðræði.
Grunnskólalög og aðalnámskrá.
....
Margrét Júlía Rafnsdóttir
4


Grunnþættir menntunar
Læsi– sjálfbærni– heilbrigði og velferð– lýðræði og mannréttindi– jafnrétti– sköpun.
Eiga sér stoð í löggjöf og alþjóðlegum samningum.
Skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla.
Skulu fléttast inn í allt skólastarf;
í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, þvert á námsgreinar og skólastig.
í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans.
endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag.
Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að endurspegla þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta
Margrét Júlía Rafnsdóttir
5


Tengsl grunnþáttanna
Virkt lýðræði verður ekki án læsis á hvers konar tákn- og samskiptakerfi samfélagsins og aðeins ef er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu.
Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.
Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
6


Lýðræði og mannréttindi
Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, 2011, bls. 14).
Barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Mikilvægt að læra til lýðræðis í lýðræði.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
7


Lýðræði í skóla
Samt eru skólar ekki samfélag jafningja og skólastarf bundið lögum og aðalnámskrá!
Hvernig á þá að vinna með lýðræði í skólastarfi?
Er lýðræði í skóla fyrst og fremst tengt stjórnsýslu og skipulagi, s.s nemendaráð og aðild nemenda að ýmsum ákvörðunum?
Hvað er nemendalýðræði?
Hvað hefur nemendalýðræði að gera með það sem fram fer í kennslustundum, þar sem kennari ræður mestu um samskipti og vinnulag?
Margrét Júlía Rafnsdóttir
8

## Lýðræði og mannréttindi

- **Mannréttindi**:
- Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum.
- Efla þarf þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf.
- Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi heimaskóla óháð atgervi þeirra og stöðu. Þessi grundvallarhugmyndafræði í skólastarfi hér á landi felur í sér alhliða hlutdeild, aðgengi og þátttöku allra nemenda í skólastarfinu.

Margrét Júlía Rafnsdóttir 9

## Mannréttindi barna - Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

- Eini alþjóðlegi samningurinn sem sérstaklega á við um börn.
- Viðurkenning á mannréttindum barna, þ.e. borgaraleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi.
- Alþjóðleg viðurkenning á því að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu.
- Alþjóðleg viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna.
- Fjallar um rétt barnsins – skyldur aðildarríkjanna og ábyrgð og skyldur foreldra.
- Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum.

Margrét Júlía Rafnsdóttir 10


Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
• Barnasáttmálinn hefur verið staðfestur af 192 ríkjum og er hann sá mannréttindasamningur sem hefur verið fullgiltur af flestum þjóðum.
• Sáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992. Fullgilding hans felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði samningsins. Lög og reglur sem gilda hér á landi ættu því að vera í samræmi við Barnasáttmálann.
• Ekki búið að lögfesta sáttmálann á Íslandi. Hvað felur lögfesting í sér?
Margrét Júlía Rafnsdóttir
11


Þrískipting Barnasáttmálans
1.– 41. gr. tilgreina rétt barna, skyldur aðildarríkja sáttmálans gagnvart börnum og skilgreiningu á hugtakinu barn.
42.– 45. gr. fjalla um upplýsingaskyldur aðildar-ríkja og hlutverk Barna-réttarnefndarinnar.
46.– 54. gr. fjalla um formleg atriði er varða sátt-málann sjálfan, m.a. varð-andi fullgildingu og upp-sögn.
Barnasáttmálinn
Margrét Júlía Rafnsdóttir
12

## Víddir Barnasáttmálans

- **Uppeldisleg**: Börn eiga rétt á á sérstakri vernd og umhyggju. Foreldrar bera höfuðábyrgð á uppvexti og velferð barna sinna.
- **Lagaleg**: Lagaleg vernd barna er brýn.
- **Siðferðileg**: Viðhorf til barna í samfélaginu. Menningararfleifð þess samfélags sem barnið býr í sé virt ef það skaðar ekki barnið.
- **Pólitísk**: Alþjóðleg samvinna mikilvæg til að bæta lífskjör barna í öllum löndum og ekki síst í fátækari löndum.

Margrét Júlía Rafnsdóttir 13

## Grunngildi sáttmálans

- Umhyggja (provision) – réttur til umönnunar, heilsugæslu, menntunar og afkomu.
- Vernd (protection) – gegn ofbeldi og misnotkun.
- Þátttaka (participation) – skoðana- og tjáningafrelsi.



Margrét Júlía Rafnsdóttir 14

## Grundvallarreglur Barnasáttmálans

- 2. gr. – Jafnræðisreglan/bann við mismunun.
- 3. gr. – Það sem barninu er fyrir bestu.
- 6. gr. – Réttur til lífs, afkomu og þroska.
- 12. gr. – Réttur til að láta skoðanir í ljós og hafa áhrif.



Margrét Júlía Rafnsdóttir 15

## Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði

**1. gr. Hugtakið barn**: *Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri, nema lög heimalands þess segi annað.*

**2. gr. Jafnræði — bann við mismunun**: *Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.*

Margrét Júlía Rafnsdóttir 16

## Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði

**3. gr. Það sem barninu er fyrir bestu**: Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

Margrét Júlía Rafnsdóttir 17

## Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði

**5. gr. Ábyrgð foreldra**: *Aðildarríki eiga að virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra til að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning í samræmi við þroska þeirra.*



Margrét Júlía Rafnsdóttir 18

## Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði

**6. gr. Réttur til lífs og þroska**: *Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.*

Mörg önnur ákvæði miða að því að uppfylla þetta markmið, svo sem:



Margrét Júlía Rafnsdóttir

19

## Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði

7. gr. Réttur til nafns og ríkisfangs
18. gr. Uppeldi og þroski
19. gr. Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu
24. gr. Heilsuvernd barna
27. gr. Lífsskilyrði
28. gr. Menntun
31. gr. Hvíld og tómstundir
32. gr. Vinnuvernd
33. gr. Ávana- og fíkniefni
34. gr. Kynferðislegt ofbeldi
35. gr. Brottnám, sala og verslun með börn
36. gr. Önnur misnotkun
37. gr. Frelsissvipting, ill meðferð og refsingar
38. gr. Vopnuð átök
39. gr. Bati og aðlögun

Margrét Júlía Rafnsdóttir

20


Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði
12. gr. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif: Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.
13. gr. Tjáningarfrelsi: Börn eiga rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Börn eiga rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
21


Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði
14. grein Skoðana- og trúfrelsi
Aðildarríki skulu virða rétt barna til frjálsrar hugsunar, sannfæringar ogtrúar. Aðildarríkjum ber að virða rétt og skyldur foreldra til að leiðbeinabörnum sínum í þeim efnum.
15. grein Félagafrelsi
Börn eiga rétt á að mynda félög og koma saman með friðsömum hættinema það brjóti gegn réttindum annarra eða ógni öryggi þjóðarinnar.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
22


Grundvallarreglur og nokkur önnur ákvæði
16. grein Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs
Börn eiga rétt á vernd gegn gerræðislegum eða ólögmætum afskiptum afeinkalífi sínu, fjölskyldu, heimili, bréfum og gegn árásum á mannorð.
17. grein Aðgangur að upplýsingum
Börn skulu hafa aðgang að innlendum og erlendum upplýsingum ogöðru efni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og sem þau njóta góðsaf félagslega og menningarlega. Aðildarríkjum ber jafnframt skylda til að vernda börn fyrir efni sem skaðað getur velferð þeirra.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
23


Hvernig geta skólar innleitt grunnþátt-inn mannréttindi og lýðræði í skólastarf?
Líklega heilmargt í gangi. Halda áfram!
Skrá það sem gert er í skólanum sem tengist málaflokknum, námsgreinar, áætlanir, stefnur...
Endurskipuleggja og samhæfa.
Móta stefnu- tengja öðrum stefnum; eineltisáætlun, umhverfisáætlun...- stefnuna og útfærslu hennar skal svo birta í skólanámskrá.
Samstarf innan skóla og út fyrir veggi skólans, við heimilin, við æskulýðs- og íþróttastarf og grenndarsamfélag.
Ábyrgð og frumkvæði við innleiðingu grunnþáttanna hvílir á herðum skólastjórnenda í samvinnu við kennara og annað starfsfólk skóla.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
24


Hverjir og hvernig?
Allir– samskipti og skólabragur varðar alla.
Kennarar– kennsluhættir; mötun, stýring, virkni, skapandi hugsun,virðing, virk hlustun...
Stjórnendur skóla– skoða eigið starf og stjórnunarhætti, samráð.
Daglegt skólastarf.
Námsgreinar.
Aldursstig og árgangar. Hvað og hvar?
Þemu– eitt þema á ári um hvern grunnþátt.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
25


Daglegt skólastarf
Ráð og nefndir innan skólans, skólaráð– höfum þau með og tökum réttmætt tillit til skoðana þeirra.
Áætlanir, s.s. eineltisáætlarnir, ofbeldisvarnaráætlanir, umhverfisáætlun.... Samþætta áætlanir.
Skólareglur; byggja á manngildi og virðingu fyrir einstaklingnum. Hver á að semja þær?
Samskipti byggist á virðingu, mannréttindum og lýðræði.
Skólabragur – hvað er það og hver ber ábyrgð?
Umgengni– reglur.
Allir á sömu blaðsíðu og í sama liði; kennarar, nemendur, foreldrar, skólastjóri, húsvörður, bílstjórar....
til að svo megi vera þarf fræðslu og umræðu innan alls skólasamfélagsins.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
26


Námsgreinar- Námssvið (skv. töflu bls. 50 í almennum hluta)
Samfélagsgreinar: Þ.e. trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði.
Þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu og stefjum úr öðrum fræðigreinum eins og heimspeki, kynjafræði, sálfræði, stjórnmálafræði og hagfræði.
Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf.
Einnig auðvelt að tengja inn íslensku, erlend tungumál, stærðfræði, náttúrugreinar, list- og verkgreinar og upplýsinga- og tæknimennt.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
27


Námsgreinar- Námssvið
Á að fjalla um efnisþætti lýðræðis og mannréttindinda sérstaklega í ákveðnum námsgreinum og kennslustundum eða á að samþætta í þemum þvert á greinar og aldurshópa?
Á að samþætta alla grunnþætti menntunar eins og þeir koma fram í aðalnámskrá og vinna með þá þannig?
Þeir eru mjög samtvinnaðir og tengjast innbirðis.
Á að hafa nokkur þemu á ári í skólanum þar sem hvert tengist einum eða fleiri grunnþáttum?
Á að taka fyrir einn eða tvo grunnþætti á ári?
Skólar þurfa að ákveða þetta, móta stefnu og tilgreina í skólanámskrá.
Margrét Júlía Rafnsdóttir
28

## Dæmi um þemu

| | 1.- 4. bk. | 5.- 7. bk. | 8.- 10. bk | Rauður þráður |
|---|---|---|---|---|
| **Barnasáttmáli SÞ lög og aðrar skuld-bindingar** | Réttindi og forréttindi. | Réttindi og ábyrgð og bann við mismunun. Gildi fjölbreytileikans. | Alþjóðleg samvinna og samábyrgð, Þróunarsamvinna. | Jafnræði, það sem barni er fyrir bestu, réttur til lífs og þroska. |
| **Barnið sjálft, fjölskylda og þjóðerni** | Allir eiga rétt og allir eru einstakir. | Fjölskyldan, réttur barna til umönnunar og samvista við báða foreldra sína. | Réttur til nafns og ríkisfangs, flóttabörn. | Jafnræði, það sem barni er fyrir bestu, réttur til lífs og þroska. |
| **Menntun, heilsa, þroski** | Réttur barna til að ganga í skóla og gildi þess að læra, s.s. að lesa og reikna. | Markmið menntunar, skóli fyrir alla. Börn sem fá ekki að ganga í skóla víða um heim. Heilbrigt líferni og skaðlegar hefðir. | Gildi og áhrif menntunar á þróun samfélaga. Lífslíkur og lífsgæði eftir samfélögum. | Jafnræði, það sem barni er fyrir bestu, réttur til lífs og þroska. |
| **Öryggi og vernd** | Vernd gegn öllu ofbeldi s.s. einelti. Samskipti. | Vernd gegn öllu ofbeldi s.s. einelti. Lýðræði og samskipti. | Vopnuð átök, vinnuverd, sakhæfi og vernd gegn ávana- og fíkniefnum. | Jafnræði, það sem barni er fyrir bestu, réttur til lífs og þroska. |
| **Áhersluþættir** | Virðing, jafnræði, ábyrgð, þátttaka og lýðræði. | Virðing, jafnræði, ábyrgð, þátttaka, lýðræði og samfélagsvitund | Virðing, jafnræði, ábyrgð, þátttaka, lýðræði, samfélagsvitund, hnattræn hugsun. | |

Margrét Júlía Rafnsdóttir 29

## Að lokum...

- Framtíðin er barnanna.
- Kennum þeim lýðræði og mannréttindi.
- Fléttum það inn í allt skólastarf.
- Fyrir betri framtíð og betri heim.

- Gangi ykkur vel.
- Takk fyrir ☺



Margrét Júlía Rafnsdóttir 30

# 3.4. Ítargögn

## MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI:

*Bækur*:

- Klári en þú heldur (Námsgagnastofnun).
- Leið þín um lífið – Siðfræði fyrir ungt fólk (Námsgagnastofnun).
- Lýðræði og mannréttindi (rafbók Námsgagnastofnunar).
- Lýðræði, réttlæti og menntun. Ólafur Páll Jónsson. Ritdómur GHF.

*Vefsíður*:

- Allir eiga rétt – námsvefur um mannréttindi ætlaður efstu bekkjum grunnskóla.
- Barn.is – vefur umboðsmanns barna.
- Barnaheill.
- Barnasáttmáli.is.
- Borgaravitund og lýðræði.
- Lífsleikurinn – námsvefur.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands.
- Mannréttindi – Sendinefnd ESB á Íslandi.

*Vefefni*:

- Barnasáttmáli SÞ.
- Evrópska lýðræðisvikan (EN).
- Kompás – (Vef)Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk.
- Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum – Handbók.
- Lifandi bókasafn – Handbók.
- Lýðræði og mannréttindi í skólum. Ólafur Páll Jónsson – erindi.
- Lýðræði verður að læra. Wolfgang Edelstein (Netla).
- Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu. Utanríkisráðuneytið.
- Mannréttindi og lýðræði í Evrópu (Evrópustofa, upplýsingamiðstöð ESB).
- Sáttmáli Evrópuráðsins um lýðræðis- og mannréttindamenntun (IS).


RÉTTINDI
OKKAR
Barnasáttmálinn
www.barnasattmali.is
unicef

# Grunnþáttur menntunar:

# 4. LÆSI

Fyrirlesari:
Stefán Jökulsson, HÍ

| GRUNNÞÁTTUR | **LÆSI** | |
|---|---|---|
| Fyrirles. → | Stefán Jökulsson, HÍ | Samræðutími (80 mín.) |
| Áslandsskóli | 4. okt. kl. 13.40-15 | |
| Hraunvallaskóli | 11. okt. kl.14.40-16 | 16. okt. kl. 14.40-16 |
| Hvaleyrarskóli | 29. okt. kl.14.15-15.45 | |
| Lækjarskóli | 15. nóv. kl. 14.15-15.45 | |
| Setbergsskóli | 1. nóv. kl.14.30-16 | |
| Víðistaðaskóli | 18. okt. kl.14.30-16 | |
| Öldutúnsskóli | 2. okt. kl.14.30-16 | |
| Stóru-Vogaskóli | 23. okt. kl. 14.40-16.10 | |
| Álftanesskóli | 7. nóv. kl. 14.55-16.15 | |

# 4.1. Útdráttur þemaheftisins LÆSI




Í upphafsköflum ritsins ***Læsi***, sem tilheyrir ritröð um grunnþætti menntunar, er fjallað um læsi í víðu samhengi á svipuðum nótum og í fyrirlestrinum sem lýst er hér að framan enda er fyrirlesarinn og höfundur ritsins sami maðurinn, þ.e. Stefán Jökulsson, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í ritinu er að auki fjallað um mismunandi orðræðuheima, verkefni sem höfða til nemenda, skólaþróun í þágu læsis, miðlalæsi og miðlamennt sem og um nauðsyn þess að fólk efli og auki lestrar- og skriftarkunnáttu sína alla ævi sína. Í ritinu má finna einnig dæmi um aðferðir og viðfangsefni sem varða læsi og ábendingar frá kennurum.

Sem dæmi um hið síðastnefnda má nefna Frosta, barnakennara sem vill að börnin noti prentmál í samhengi sem þau skilja. Efnið sem þau noti – leiki sér að eða leiki sér með – verði að vera „eins og það á að vera“ í þeirra huga og notin verði að hafa tilgang sem þau samþykkja og skilja. Einnig er sagt frá Arnheiði sem hefur kennt börnum í yngstu bekkjum grunnskóla árum saman og sannfærst um að íslenskunámið snúist um samskipti í víðum skilningi. Smám saman hefur hún komið sér upp gátlista sem hún fer yfir annað slagið til þess að minna sjálfa sig á þætti sem hún telur mikilvæga í móðurmálskennslunni. Anna Lilja, sem kennir unglingum, reynir alltaf að setja sig spor þeirra sem vita ekki það sem hún veit um efnið. „Hvers konar reynsla eða aðstæður í skólastofunni geta stuðlað að því að torskilið efni verði skiljanlegt? Hvaða leið hentar hverjum og einum til að komast inn í efnið. Þær eru alltaf margar.“

Í kafla um mismunandi orðræðuheima er bent á að sumum þeirra barna, sem standi sig með prýði á lestrarprófum fyrstu skólaárin, gangi illa að tileinka sér fræðilegt efni í námsbókum þegar þau verða eldri. Af þessum ástæðum þurfi krakkar að læra að lesa þannig að þeir komist á lestrarskrið sem dugi þeim öll skólaárin. Í þessu felist meðal annars að byrjendakennsla í lestri sé ekki bundin við bókstaflega merkingu og hversdagsmál heldur verði börnin að ná tökum á máli og orðfæri fræðafólks og faghópa á ýmsum sviðum.

Jafnframt er sagt að nemendur verði að halda lestrarnámi áfram í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla eftir að þeir hafi náð tökum á tilskilinni lestrartækni á fyrstu skólaárunum. Allir nemendur verði að læra að lesa með hliðsjón af markmiði, greina það efni í texta sem skipti máli hverju sinni og vinna úr því. Allir nemendur verði að glöggva sig á merkingu orða sem þeir hafa ekki rekist á áður, tengja saman nýjar upplýsingar og það sem þeir vita fyrir. Allir nemendur verði að huga að sjónarhorni höfundar, ráða úr því þegar heimildir stangast á, greina milli staðreynda og skoðana.

Í kafla um skólaþróun í þágu læsis er sagt að þótt ekki sé til nein allsherjarlausn handa þeim nemendum sem þurfa að auka færni sína á sviði lestrar og ritunar, megi benda á tiltekin úrræði sem hafi reynst vel. Þau snerti annars vegar náms- og kennsluhætti og hins vegar innviði skólans, þ.e. þá aðstöðu og umgjörð sem skólastjórn og skólayfirvöld skapa. Ákveðin aðferð kunni að hafa umtalsverð áhrif ein og sér en skynsamlegt sé að hugsa málið þannig að skólinn komi sér upp aðgerðabanka þar sem taka megi út ráð við hæfi hverju sinni. Skólastjórnendur og kennarar þurfi að koma sér saman um læsisstefnu, setja sér skýr markmið og samræða aðgerðir, þ.e. ákveða hvaða þættir þurfi að fara á undan öðrum, og huga að því hvaða ráð dugi best gagnvart tilteknum einstaklingum. Aðgerðirnar séu ekki byggðar forskriftum heldur beri að líta á þær sem sveigjanleg og samvirk úrræði.

Í ritinu er einnig fjallað um hugtökin miðlalæsi og miðlamennt. Hugtakið miðlamennt (media education, media literacy education) vísar til tiltekins verklags í skólastarfi: Nemendur nota mismunandi miðla – myndmiðla, hljóðmiðla, prentmiðla, netmiðla – við nám sitt og læra í leiðinni sitthvað um notagildi þeirra og áhrif á menningu og lýðræði. Í miðlalæsi (media literacy) felst sú færni og kunnátta sem tengist fjölbreyttri miðlanotkun, annars vegar hæfni til að meta og greina fjölmiðlaefni og ýmiss konar upplýsingar, og hins vegar geta til að búa til og miðla efni með margvíslegum aðferðum, jafnt í formi prentmáls sem annarra tjáningarmiðla. „Skriftin" á vettvangi miðlamenntar jafngildir efnisgerð barna og unglinga þar sem prentmiðlar eru aðeins einn af mörgum miðlum sem eru í boði. Ritun í nýrri og víðfeðmari merkingu getur því falist í að semja texta eða handrit fyrir ólíka miðla, búa til útvarpsþátt, margmiðl-unarverk, myndband eða vef. Hér er það kjarni málsins að miðlunarferlið – eins og reyndar hefðbundin ritun – leiðir til náms. Miðillinn er ekki aðeins tæki sem nemendur nota til að miðla því sem þeir hafa þegar skilið; þeir öðlast skilninginn við efnisgerðina. Við hana þurfa þeir til dæmis að gera greinarmun á aðalatriðum og aukaatriðum, tengja efnisþætti saman og huga að heildarmyndinni. Þeir þurfa einnig að læra að setja sig í spor annarra en það er ef til vill sú færni í samskiptum og miðlun sem vegur þyngst.

Loks er þess getið að merkingarbær skólaverkefni, sem tengist læsi með nýjum formerkjum, snúist óhjákvæmlega um það sem gefi lífi nemenda gildi. Eins og við öll búi þeir í líf-menningarlegu umhverfi og megi segja að í sinni víðustu mynd snerti læsi þá þekkingu og þau samskipti sem geri þeim kleift að hlutast til um umhverfi sitt, til að mynda varðandi vöxt og viðgang náttúrunnar og jafnrétti og lýðræði, á þann veg að þeir og afkomendur þeirra geti búið við öryggi og velsæld. Læsi í þessum skilningi, læsi sem víðtæk samskiptafærni, sé því pólitískt og færi ungu fólki verkfæri og vald til að beita orðum og öðrum táknum í eigin þágu og samfélags síns og umhverfis.

- Þemaheftið LÆSI (pdf).
- Þemagheftið Læsi (rafbók Námsgagnastofnunar)

## 4.2. Útdráttur fræðslu um LÆSI

Prenttækni Gutenbergs hafði afdrifarík áhrif á mannlífið og svipað má segja um útvarp, kvikmyndir og sjónvarp og stafræna tækni á ofanverðri 20. öld og fram á okkar daga. Röddunum hefur fjölgað og hvers kyns efni, boð og hugmyndir fara þvers og kruss um heiminn því að hann er að miklu leyti orðinn samtengdur og myndar eitt samskipta- og atvinnusvæði. Víðast hvar hafa tölvur og net gjörbreytt því hvernig fólk ber sig að við vinnu, hvernig það hagar samskiptum sínum við aðra, aflar upplýsinga eða miðlar þeim.

Á vettvangi náms og kennslu hefur stafræna byltingin ekki síst falist í því að öll helstu skilnings- og miðlunarverkfæri, og málin sem þau snúast um (t.d. prentmál, myndmál, margmiðlun), eru nú saman komin í einum verkfærakassa, tölvu, sem nota má til að draga að sér efni, skapa þekkingu og miðla henni út um víðan völl. Við þetta bætist að tækin, t.d. tökuvélar og klippiforrit, eru nú ekki dýrari en svo að margir skólar geta keypt þau.

Læsi í víðum skilningi snýst um ýmiss konar táknkerfi og þá miðla sem tengjast þeim. Stundum koma fleiri en eitt táknkerfi við sögu í sama miðli, eins og t.d. í sjónvarpi þar sem um er að ræða samspil lifandi mynda, ljósmynda, prentmáls, talmáls, tónlistar og alls konar grafíkur. En núna ráða tölvur við öll þessi táknkerfi og með réttum jaðartækjum má búa til alls kyns efni. Læsi með nýjum formerkjum snýst því um að gera nemendur læsa á alls kyns mál og þjálfa þá í að búa til ýmiss konar efni. Slíkt læsi er því ekki bundið við málvísi í hefðbundnum skilningi heldur snertir það táknvísi í víðum skilningi. Myndvís nemandi getur til dæmis lesið myndmál og búið til myndefni.

Hefðbundið læsi gengur út á það, sem kunnugt er, að höfundur skrifar prentmál sem orkar með einhverjum hætti á þá sem lesa það. Margt hefur áhrif á sköpun höfundarins, til dæmis vitsmunir hans og tilfinningar, þekking og reynsla, og frásagnarháttur hans og fyrirætlan með skrifunum ræðst meðal annars af lífsskoðunum hans og þeim menningarjarðvegi sem hann er sprottinn upp úr.

En ekki má gleyma því að sambærilegir þættir hafa einnig áhrif á lesandann; merking á báðum pólum verður til við virka sköpun. Því má segja að ritun og lestur séu sambærileg ferli merkingarsköpunar; sá sem býr til efnið skapar merkingu og sá sem nýtur efnisins eða notar það gerir það einnig. Sama gildir um merkingarsköpun þar sem önnur táknkerfi koma við sögu og höfundurinn er til dæmis kvikmyndagerðarmaður eða vefhönnuður og móttakandinn bíógestur eða netverji.

En þótt stafrænni tækni fylgi nýir möguleikar í námi og kennslu ber að undirstrika að hið hefðbundna læsi er jafnmikilvægt og áður. Vekja þarf með öllum ráðum áhuga barna og unglinga á því að lesa og skrifa og einnig þarf að bregðast skjótt og markvisst við

lestrarerfiðleikum sem geta hamlað þeim verulega í námi. Lestur og ritun þurfa að sitja í fyrirrúmi í fyrstu bekkjum grunnskólans því þar er grunnurinn lagður. En námi á þessu sviði lýkur í raun og veru aldrei. Því lýkur aldrei vegna þess, meðal annars, að lestur og ritun snúast alltaf um samhengi og inntak og þessir þættir breytast í sífellu. Hið endanlega markmið er að nemendur skilji það sem þeir lesa en oft varðar skilningsbrestur félagslegan aðstöðumun, þ.e. þá staðreynd að sumir nemendur hafa meiri reynslu og þekkingu í farteskinu en aðrir þegar þeir hefja skólagöngu. Skólinn á að reyna jafna þennan mun.

Til þess að nemandi geti ráðið í texta verður hann að fara inn í hann með lífsreynslu sína í farteskinu og flétta hana saman við efni hans þannig að úr verði nýir skilningsþræðir. Hann flytur með öðrum orðum merkingu inn í texta og flytur svo út úr honum endurskapaða merkingu sem nýtist honum við tilteknar aðstæður. Merkingarsköpun hans á sér þó ekki stað í tómarúmi enda er hún félagslegt fyrirbæri sem þrífst á sameiginlegri þekkingu: Ég veit að þú veist það og þú veist að ég veit það og þess vegna skiljum við hvor annan. Stundum gerir fólk sér ekki grein fyrir mikilvægi þessarar sameiginlegu reynslu eða gefur sér að hún sé fyrir hendi þegar hún er það ekki. Því er ekki útilokað að nemandi sem er vel á vegi staddur hvað varðar lestækni og lesfimi sé í einhverjum tilvikum sagður ófær um að lesa sér til gagns. „Ólæsið“ kann þá að stafa af því að hann hefur ekki reynslu af því sem um er fjallað í þeim textum sem honum gengur illa að fá botn í.

Margir þeirra sem rannsaka og skrifa um læsi í víðu samhengi, og notkun ýmiss konar miðla í skólastarfi, eru sannfærðir um að með hinni nýju tækni séu komin áhöld sem kennarar í öllum greinum verði að ná tökum á. Því leggja þeir til að náms- og kennslufræði stafrænnar miðlunar, sem varðar þekkingarsköpun og þekkingarmiðlun með margvíslegum miðlum (ekki bara prenti), eigi að vera hluti af kennslufræði allra greina í kennaranámi. Jafnframt spyrja margir kennarar sjálfa sig hvers konar fagmenn þeir þurfi að vera þegar starfsskilyrði þeirra (og nemenda þeirra) hafa gjörbreyst, t.d. hvað varðar aðgang að alls kyns efni og upplýsingum. Vitaskuld þarf kennari að miðla ákveðnum fróðleik og upplýsingum til nemenda eftir sem áður en samkvæmt ofangreindu sjónarmiði yrði það þó veigameiri þáttur í starfi hans að liðsinna nemendum við að spyrja spurninga og leita svara við þeim, spurninga sem væru áleitnar og mikilvægar í huga þeirra nemenda sem bæru þær fram, ekki síst vegna þess að þær snertu hugðarefni þeirra og menningu.

En hvað þurfa kennarar að læra um samskipti, mál og læsi svo þeir geti aukið alhliða samskiptafærni þeirra sem þeir kenna? Hvers konar færni þurfa þeir að öðlast á þessum sviðum? Þeir þurfa meðal annars að geta lesið og skrifað á nútímavísu, þ.e. notað algeng táknkerfi og miðla til að henda reiður á efni. Og koma því á framfæri að geta valið á milli mismunandi táknkerfa og miðla, t.d. miðað við notagildi, markmið, mismunandi efni og markhópa eða mismunandi námslag nemenda hafa skilning á skilningi, þ.e. skilja að hann er háður reynslu, samhengi og möguleikum til tengja saman gamalt og nýtt, þekkja til mismunandi skilnings- og tjáningarforma. Það eru t.d. hugarkort, samvinnuskrif,

mismunandi tegundir prentmáls, kvikmyndir eða vefefni sem hentar til að öðlast víðtækan málskilning sem tekur til eðlis og samvirkni þeirra mála eða táknkerfa sem við beitum helst við merkingarsköpun, sbr. myndmál eða samspil ýmissa táknkerfa í margmiðlun. Í því felst að öðlast samskiptamál sem nýtast til hugsunar, umfjöllunar og samræðu um fjölþætt samskipti, t.d. hugtök sem beita má til að ræða myndmiðlun, hljóðmiðlun eða margmiðlun.

Nýjasta tækni leysir þó ekki allan vanda; öll miðlunartæki og tól hafa sína kosti og galla, sitt notagildi eins og önnur verkfæri. Því þurfa kennarar og nemendur að velja áhöld sem hæfa því verkefni sem vinna skal hverju sinni. Stundum liggur beint við að búa til myndband; í öðrum tilvikum eru blýantur og blað besti kosturinn.

■

# 4.3. Fræðsluglærur/slæður (A-5)







Tækni


margs konar leiðslur
ljósleiðari


margs konar „miðlunarmál"
stafræn boð


mörg tæki
tölva


þjóðríki
einn heimur


texti er prent
texti er alls konar tákn


skrifa stafi
búa til alls konar efni


læsi
(miðlalæsi)=táknvísi
málvísi
myndvísi
hljóðvísi
fjölvísi


lesa og skrifa
sækja, greina, meta, velja,
setja saman, miðla


Miðlar og menntun


miðlar tengjast tækni
miðlar tengjast tilfinningum,
sjálfsmynd, lýðræði og menntun


prent eini lærdómsmiðilinn
allir miðlar eða margmiðlun


nemendurnir og miðlinn
nemandinn og miðlarnir


tungumál í bókum
tungumál í öllum miðlum


námsefni bundið aldri
námsefni miðað við verkefni


kennslubækur
alls kyns efni


þekkingarmiðlun
þekkingarsköpun


Nám


tileinka sér efni
öðlast færni


nám einstaklinga
hópvinna


ég leysi/læri það sjálf
við leysum/lærum það saman


skólastofa
samfélagið/veröldin öll


nemendur eru kennarar
kennarar eru nemendur


nám byggt á rökum og minni
nám snýst um sköpun og athafnir


læra í eitt skipti fyrir öll
læra þegar þörf krefur


Þekking


takmarkaður aðgangur að þekkingu
greiður aðgangur að þekkingu


að vita að...að vita hvernig
vita hvað á að gera
við tilteknar aðstæður


þekking endist lengi
þekking endist skammt


þekkingarstjórnun stjórnvalda/kennara
þekkingarstjórnun
nemenda/almennings


sjálfbær þekkingarbúskapur
tengsl við aðra


Kennsla


kennarar velja efni og miðla því
kennarar hjálpa nemendum
að velja efni og vinna úr því


kennsla eins og fjölmiðlun
nám eins og samskipti


kennarar leggja mat á nám
nemendur meta eigin vinnu


kennarar meta færni
með skriflegu prófi
nemendur sýna fram
á færni sína á margan hátt


Skólinn og vinnan


Skólakerfi í vandræðum
Óvenjustór gjá milli þess sem nemendur læra í skólum og þeirrar kunnáttu og færni sem þeir þarfnast í lífi sínu og starfi.
Skólakerfið dæmir sig úr leik ef takmörkuð tengsl verða milli þess nemendur gera í skóla og utan hans.


Hvernig starfsfólk?
fólk sem getur lært
aflað nýrrar þekkingar
tileinkað sér nýja tækni
unnið markvisst úr upplýsingum
tekið ákvarðanir
átt samskipti við fólk


Bylting
„Upplýsinga- og samskiptatækni (UST) hefur, á afar skömmum tíma, orðið einn af hornsteinum nútímasamfélaga. Margar þjóðir telja nú kunnáttu og færni á sviði UST til grunnþekkingar, ásamt lestri, skrift og reikningi.“
ICT in Education, UNESCO 2004.


Hver eru verkfærin eftir samskiptabyltinguna?
tölvur, net og stafræn tækni ýmiss konar
tæki notuð við hljóðmiðlun, myndmiðlun og margmiðlun


Nám og starf á 21. öldinni:
Notum verkfærin
Aðföng: Sækja, fá, nýta, útvega.
Sköpun:Vinna úr efni eða hugmynd.
Miðlun/aðgerð: Koma á framfæri, gera aðgengilegt, koma í verk, hafa áhrif á.

# 4.4. Ítarefni

## GAGNLEGAR VEFSLÓÐIR UM LÆSI

**Fræði og framkvæmd:**

- http://eduscapes.com/ladders/themes/literacy.html#4

**Góðar miðlalæsissíður:**

- http://www.medialiteracy.com/top_10_media_literacy_education_sites.htm

**Hugmyndir og ábendingar:**

- http://staff.4j.lane.edu/~haugen/more/literacyweb.htm
- http://www.readingrockets.org/

**International Reading Association:**

- http://www.reading.org/

**Læsi á 21. öldinni:**

- http://www.noodletools.com/debbie/literacies/

**Stefnumótun:**

- http://portal.unesco.org/ci/en/ev.php-URL_ID=15886&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html

**Verðlaunaðar síður:**

- http://www.nellieedge.com/links.htm

**Þemanám, verkefnamiðað nám:**

- http://www.edutopia.org/pbl-research-learning-outcomes
- http://www.nea.org/tools/16963.htm

## LÆSI:

*Bækur*:

- Jóhann Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstj.). (2012). *Raddir barna*. Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.

*Vefsíður*:

- Baggalútur. Vefslóð: baggalutur.is
- Bókmenntavefur. Vefslóð: www.bokmenntir.is.
- Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika. Vefslóð: http://lesvefurinn.hi.is/

*Vefefni*:

- Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir (2011). *Leikur og læsi í leikskólum*. Netla, veftímarit
- Hafsteinn Karlsson (2005, 2. útgáfa). *Að lesa og skrifa*.
- Hafþór Guðjónsson (2011). *Að verða læs á náttúrufræðitexta*. Netla, veftímarit
- Háskólinn á Akureyri (2009). *Byrjendalæsi – Upplýsingar fyrir foreldra*.
- Námsmatsstofnun (2003) *PIRLS. Fjölþjóðleg rannsókn á læsi 9 ára barna*.

# Grunnþáttur menntunar:
# 4. SJÁLFBÆRNI

Fyrirlesari:
Margrét Júlía Rafnsdóttir, kennari

| GRUNN-<br>ÞÁTTUR > | **SJÁLFBÆRNI** | |
|---|---|---|
| Fyrirles. →<br>Skóli | Margrét J. Rafnsdóttir, kennari | Samræðutími<br>(80 mín.) |
| Áslandsskóli | 21. febrúar kl. 13.40-15 | |
| Hraunvallaskóli | 12. febrúar kl. 14.40-16 | |
| Hvaleyrarskóli | 4. mars kl. 14.15-15.45 | |
| Lækjarskóli | 14. mars kl. 14.15-15.45 | |
| Setbergsskóli | 14. febrúar kl. 14:30 | |
| Víðistaðaskóli | 25. febrúar kl. 8.10-9.30 | |
| Öldutúnsskóli | 5. mars kl. 14.30-16 | |
| Stóru-Vogaskóli | 13. febrúar kl. 8.15 | |
| Álftanesskóli | 20. febrúar kl. 14.55-16.10 | |

## 5.1. Útdráttur þemaheftisins SJÁLFBÆRNI




Þema- og fræðsluheftið SJÁLFBÆRNI er gefið út í tengslum við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla sem ein af sex áherslum um grunnþætti menntunar og gefur þá um leið kynna mikilvægan áhersluþátt í nýrri menntastefnu skólastiganna.

Þemaheftið sjálfbærni skiptist í fjóra kafla og verður hér nánar fjallað um áherslur hvers kafla. Fyrsti kaflinn leitast við að skýra hugmyndina um „sjálfbæra þróun". Þar er beint sjónum að uppruna hugtaksins og hvernig það varð til í alþjóðlegri umræðu og ákvarðanatöku. Meginsjónarmiðið var að búa vel að jörðinni (náttúrunni) fyrir komandi kynslóðir, stuðla að sjálfbærri nýtingu jarðar og jafnrétti í margvíslegum skilningi. Bent er í kaflanum á ýmis atriði í þessari áherslu er varðar einstök viðfangsefni, t.d. fátækt, varðveislu skóga og fleira.

Annar kaflinn fjallar um hugtakið sjálfbærni og tengsl þess við aðra grunnþættti menntunar. Fjallað er um hugtakið sjálfbærni í tengslum við hvern grunnþátt. Varðandi grunnþáttinn læsi snýst sjálfbærni um að þekkja og skilja jörðina og náttúru hennar og hvernig hún verði nýtt og varðveitt. Varðandi grunnþáttinn jafnrétti og mannréttindi snýr sjálfbærni að réttlátri nýtingu jarðargæða og skiptingu þeirra milli jarðarbúa auk þess að allir hafi möguleika að uppfylla þarfir sínar (lifa af jörðinni). Jafnréttisþátturinn í sjálfbærni snýr að jarðargæði nýtist báðum kynjum og hygli ekki öðru kyninu á kostnað hins auk þess sem miðaða er að jafnrétti þjóðfélagshópa og heimshluta. Sjáfbærni sem hluti af grunnþættinum heilbrigði og velferð snýst um að ekkert heilbrigði eða velferð á sér stað nema að náttúran sé vernduð, ekki sé gengið á jarðargæði fyrir komandi kynslóðir og lifnaðarhættir mannanna taki mið af hófsemi gagnvart náttúrunni. Loks er grunnþátturinn sköpun tengd sjálfbærni að sköpunar-eiginleikar mannsins nýti og njóti náttúrunnar í sköpun sinni, til hagvaxtar sem og nýsköpunar á grunni sjálfbærni.

Þriðji kaflinn er um menntun til sjálfbærni. Þar er fjallað nánar um kennslufræðilega nálgun sjálfbærnihugtaksins í daglegu skólastarfi í viðfangsefni/námsgrein undir yfirheitinu umhverfismennt. Bent er á ýmsa þætti í kennslu sem falla undir umhverfismennt, hvar efni sé að finna, þátt kennara í fræðslunni, nauðsyn gagnrýninnar hugsunar, kennsluaðferðir og eftirsóknarverð kennslufræðileg markmið, hlutverk skólastjórnenda og kennara og virkni nemenda.

Fjórði kaflinn og sá stysti er eins konar samantekt sem bendir á heimildir og ítarefni til að vinna með sjálfbærni í skólastarfi.

- Þemaheftið SJÁLFBÆRNI (pdf-rit).
- þemaheftið SJÁLFBÆRNI (rafbók Námsgagnastofnunar).

# 5.2. Útdráttur fræðslu um SJÁLFBÆRNI

Sjálfbærni er viðfangsefni sem gæti í sjálfu sér verið yfirskrift allra grunnþátta menntunar en sem sér grunnþáttur snýr sjálfbærni að umhverfinu í viðtækum skilningi, hvort sem það er náttúran eða mannlífið. Mest er horft á viðfangsefnið út frá auðlindum jarðar og mikilvægi þess að hver kynslóð „gangi ekki á“ auðlindir jarðar fyrir komandi kynslóðir – lifi af „ávöxtunum en höfuðstóllinn fái að halda sér“. Að því leyti er sjálfbærni viðfangsefni sem er verkefni hverrar kynslóðar og hluti skólastarfsins er að gera börn nútímans meðvituð um slíkt. Í menningarlegu samhengi snýst verkefnið um að stuðla að jafnrétti milli heimshluta og mannréttindum einstaklinga. Horfa þurfi á sjálfbærni út frá eftirfarandi samhengi og samspili:




Sögulega séð verður sjálfbærni knýjandi viðfangsefni með tilkomu iðnbyltingarinnar og „uppgötvað“ á síðari hluta 20. aldar þegar gríðarleg auking verður á hlýnun jarðar svo mannkynið verður að bregast skjótt við. Ekki til að koma á ótta eða skapa hræðslu gagnvart framtíðinni heldur virkja frumkvæði, lausnaleit með skapandi og gagnrýninni hugsun og eigin virkni með lausnaraðgerðir að leiðarljósi.

Í reynd er sjálfbærni flókið og margþætt hugtak sem hefur víðtæka skírskotun og meðal annars til skólastarfs í að mennta til sjálfbærni sem hluti af ábyrgu uppeldi á hverjum tíma.

Verkefni skólastarfsins í dag er að stuðla að sjálfbærri þróun og menntun til að gerast sjálfbær, sem þekking (vitneskja um stöðu náttúrunnar og mannlífs), leikni (að sýna sjálfbærni í raunhæfum aðgerðum) og viðhorf (frumkvæði, jákvæðni og virkni til lausna). Mikilvægt er í daglegu skólastarfi að hverjum skóla sem unnið út frá því sem þegar er í gangi, þróa, bæta og auka það. Mikilvægt að hafa yfirsýn yfir það sem er í gangi (skráning), leita að glufum, marka sér frekari stefnu og samþætta í allt skólastarfið, jafnvel með opinberri vottun (sbr. *Skóli á grænni grein*). Sem daglegt viðfangsefni í kennslu getur sjálfbærni snúst um samgöngur (ferðamátar), matarvenjur (nýting og sóun matar), orkunotkun (vistvæn orka sem mest), endurnýtingu og flokkun í samþættingu við allar námsgreinar og daglega starfshætti (venjur, siðir, vinnubrögð og allt atferli yfirleitt) í skóla. Sjálfbærni snýst um að taka ábyrgð með raunhæfum aðgerðum. ■

## 5.3. Fræðsluglærur/slæður (A-5)






## Örsaga umhverfismála

- Menn hafa öldum saman reynt að ná tökum á náttúrunni og nýtt auðlindir hennar til að auðvelda lífsbaráttuna.
- Aukin fólksfjölgun- aukin auðlindanotkun.
- Iðnbylting; brennsla á kolum og olíu og enn meiri röskun, (18. öld).
- Röskunin hófst í iðnríkjunum, en ekki síður nú í þróunarlöndum.

## Menn vakna til vitundar:

- Snemma fóru ýmsir að hafa áhyggjur af eyðileggingu og röskun; Platon ritaði um eyðingu skóga í Grikklandi.
- Malthus (1766-1834) taldi síaukna mannfjölgun að lokum leiða til fæðuskorts og hruns.



## Vaknað til vitundar

- Lok 19. aldar urðu fyrstu umhverfis – verndarhreyfingarnar til í Bandaríkjunum.
- Ýmis mengunarslys, áhrif eiturefna á lífríkið á 20. öldinni jók áhuga manna á því að snúa vörn í sókn.
- Ýmislegt ritað, s.s. *Raddir vorsins þagna,* 1963; Rachel Carson.




## Sameinuðu þjóðirnar

- Stofnun Sameinuðu þjóðanna 1945; víðtækt vald til að hafa afskipti af umhverfismálum. Ráðstefnur og ályktanir.
- Ríó 1992: Alþjóðleg ráðstefna um umhverfi og þróun.
- Ýmsar samþykktir t.d. Dagskrá 21 sem er framkvæmdaáætlun þjóða heims fyrir 21. öldina í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

## Hvað er sjálfbær þróun?

- Að skila umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.
- Sjálfbær þróun snýst um:
  - jafnrétti kynslóðanna, en einnig:
  - jafnrétti heimshluta; að auðlindum jarðar og ágóða af nýtingu þeirra skuli skipt jafnt milli allra jarðarbúa hvar sem þeir búa á jörðinni, þ.e. allir núlifandi jarðarbúar hafa jafnan rétt til að uppfylla þarfir sínar.

## Dagskrá 21

- Forgangsverkefni er útýming fátæktar. Einnig lögð áhersla á þátttöku almennings, jafnt barna sem fullorðinna, þáttöku ungmenna í verkefnum sem stuðla að sjálfbærri þróun, þátttöku í ákvarðana-töku á öllum stigum mála (mannréttindi, lýðræði, heilbrigði, velferð, jafnrétti...).
- Með hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi hlúum við að eigin velferð til framtíðar með því að hugsa á heimsvísu og bregðast við á heimaslóð.


Sjálfbær þróun
Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur.
Umhverfi
Samfélag
Efnahagur


Unnið að sjálfbærri þróun
Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar verður einungis framfylgt með því að taka tillit til allra undirstöðuþátta hennar, þ.e. umhverfis, samfélags og efnahags við allar ákvarðana-tökur.
Economic
Enhanced Quality of Life
Environmental
Social
Sustainable Development


Dagskrá 21– menntun til sjálfbærni
Í Dagskrá 21 segir m.a:
Fræðsla er mikilvægur þáttur til að koma á sjálfbærri þróun; í skólakerfi, atvinnulífi og til almennings.
Umhverfismennt/ fræðsla / menntun til sjálfbærni skal fléttast inn í allt skólastarf frá leikskóla til háskóla og inn í allar námsgreinar.
Skilningur á þeim takmörkum, ásamt ferlum, lögmálum og hringrásum í náttúrunni er mikilvægur grundvöllur þess að okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið.


Menntun til sjálfbærni
Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna ( fyrir 2015):
1. Eyða fátækt og hungri
2. Öll börn njóti grunnskólamenntunar
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
4. Lækka dánartíðni barna
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna
6. Berjast gegn HIV/alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu
7. Vinna að sjálfbærri þróun
8. Styðja hnattræna samvinnu um þróun
Áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar 2005-2014.
Aðalnámskrá grunndkóla 2011– grunnþáttur menntunar!


Grunnþættir menntunar
Læsi– sjálfbærni– heilbrigði og velferð– lýðræði og mannréttindi– jafnrétti– sköpun.
Skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla.
Skulu fléttast inn í allt skólastarf;
í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, þvert á námsgreinar og skólastig.
í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans.
endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag.
Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að endurspegla þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta.


Tengsl grunnþáttanna
Virkt lýðræði verður ekki án læsis á hvers konar tákn- og samskiptakerfi samfélagsins og aðeins ef er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu.
Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.
Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa.


Sjálfbærni– grunnþáttur menntunar skv. aðalnámskrá:
Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.
Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.
Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.


Menntun til sjálfbærni – í hnotskurn:
Nemendur…
fái þekkingu á umhverfinu og ferlum náttúrunnar
geti fundið leiðir til að bæta úr röskun vegna umsvifa mannsins
vinni að verkefnum sem stuðla að bættu umhverfi
hafi jákvætt viðhorf til alls lífs og umhverfis
bæta sambúð manns og náttúru svo tryggja megi farsæla framtíð mannkyns.
Færni, geta, hæfni, þekking, vinnubrögð, lýðræði og viðhorf til umhverfisins;
–Uppeldi!


Innleiðing sjálfbærni í skólastarf- 1. skref.
Líklega heilmargt í gangi. Halda áfram!
Skrá og kortleggja það sem gert er í skólanum sem tengist málaflokknum.
Nýta þekkingu og reynslu sem er innan skólans.
Aðlaga önnur verkefni að sjálfbærni.
Bæta við. Fylla í eyður og festa verkefni í sessi, s.s. á árganga.
Eitt skref í einu, en taka það til fulls og höfum gaman af.


Innleiðing sjálfbærni í skólastarf- 2. skref.
Móta stefnu, markmið og leiðir- samþætta öðrum stefnum, áætlunum og verkefnum.
Stefnuna og útfærslu hennar skal svo birta í skólanámskrá, skóladagatali, haustdagar, vordagar, þemadagar...
Taka þátt í umhverfis-verkefnum- vottun?


Daglegt skólastarf
Almenn umgengni:
Flokkun.
Orka- og orkusparnaður.
Umhverfi skólans- skólalóðin.
...
Mötuneyti:
Flokkun, fjölnota borðbúnaður...
Samgöngur:
Til og frá skóla- ganga, hjóla, skilti við skóla.
Ferðir á vegum skólans, skólabíll og rútur- ekki í lausagangi.
......
E.t.c


Daglegt skólastarf 2
Frístundaheimilið.
Foreldrafélagið.
Starfshættir og vinnubrögð- lýðræði og þátttaka nemenda- umhverfisráð.
Þátttaka allra mikilvæg, svo og upplýsingaflæði og fræðsla; nemendur, starfsfólk, foreldrar, bílstjórar...
Reyna að hafa verkefni fjölbreytt; umhverfismál eru ekki bara sorpmál!





Þematengd vinna

| | 1.- 4.b | 5.- 7.b | 8.- 10.b | Lykilþættir |
|---|---|---|---|---|
| Hringrásir náttúrunnar | Hringrás vatns. | Hringrás kolefnis. | Aðrar hringrásir, Áhrif atvinnu-vega. | Virðing ábyrgð, lausnaleit, þátttaka. |
| Auðlindir og umhverfisvernd | Heimabyggð, umhverfi skólans. | Auðlindir Íslands og nýting þeirra. | Verndun og viðhald auð-linda, lífbreyti-leiki. | Virðing ábyrgð, lausnaleit, þátttaka. |
| Neysla | Nýting hráefna, flokkun og endurvinnsla. | Innkaup, lífssaga hluta, flokkun og endurvinnsla. | Orka og orku-notkun, fram-leiðsla og atvinnuvegir. | Virðing ábyrgð, lausnaleit, þátttaka. |
| Samábyrgð og jafnrétti heimshluta. | Mismunandi aðstæður barna í heiminum. | Mismunandi möguleikar og lífsgæði fólks. | Sjálfbær þróun og samningar um umhverfis-mál | Virðing ábyrgð, lausnaleit, þátttaka. |
| Meginmarkmið | Grunnhugtök, náttúruupplifun, samkennd. | Aukinn skilning-ur á hugtökum, þátttaka, frum-kvæði. | Gagnrýnin hugsun, sam-félagsvitund, hnattræn hugsun | |


Námsefni
www.nams.is:
Ekkert kemur ef sett er menntun til sjálfbærni í leitarglugga, en ef sett er umhverfismennt þá kemur:
-Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð- handbók.
-Náttúruverkefni.
-Verklegar æfingar í náttúrufræði 5.-7.bekk
NÁTTÚRUVERKEFNI
Ein jörð fyrir alla
um ókomna tíð
Handbók


Fleira frá Námsgagnastofnun
Mjög margt fleira s.s.:
Næring og lífsstíll (heimilisfræði)
Um víða veröld
Heimurinn minn;
www.heimurinn.is
Um loftslagsbreytingar fyrir unglingastig, þemahefti, vefur og mynd:
CO2- framtíðin í okkar höndum- þemahefti um loftslagsbreytingar fyrir unglingastig.
CO2 -http://www.nams.is/co2/
Loftslagsbreytingar
Gróðurhúsaáhrif og á jörðinni-unglingastig
CO2 -loftslagsbreytingar- mynd
Komdu og skoðaðu...bílinn, umhverfið, hringrásir, hafið,...
Næring og lífshættir
UM VÍÐA VERÖLD
CO2

## Námsefni og fræðsluefni frá öðrum

Umhverfismennt eftir Þorvald Örn Árnason (handbók, gefin út af Aðstoð 1998)

www.or.is/Umhverfiogfraedsla/:
www.sorpa.is – fræðsla
www.nattura.is
www.or.is
www.ust.is

....



## Heimilin og grenndarsamfélagið

- Samvinna við heimilin og þátttaka þeirra mikilvæg.
- Kynna fyrir heimilum hvað verið er að gera – stefnur, áætlanir, vinnureglur, s.s um flokkun, um umbúðir, drepa á bílnum fyrir utan skólann:
  - Á námskynningum
  - Á vefsíðu skólans; umhverfisáætlun, vinnureglur s.s....svo og fréttir.
- Skólinn hvetji heimili til að vinna að bættu umhverfi s.s. að flokka sorp og skila á endurvinnslustöðvar, ekki henda rusli á víðavangi, ganga í skólann eða drepa á bílnum fyrir utan skólann, neita fjölpósti...
- Samstarf við leikskólann í hverfinu og íþrótta- og tómstundafélög.


Hvað skiptir máli?
Ekki boða eitt og gera annað.
Samkvæmni og eftirfylgni; það sama gildir alls staðar á vegum skólans (ferðalög, foreldrafélag...)
Úthald; Hindranir geta verið á veginum, en þá er að leita lausna.
Benda á það sem vel er gert.
Muna að enginn getur gert allt, en allir geta gert eitthvað
Vera jákvæð.☺


Til að vel gangi...
Jákvæðni og vilji stjórnenda.
Áhugi og þekking kennara og annars starfsfólks.
Einhver ábyrgur–verkefnisstjóri.
Lykilfólk.
Allir í sama liði: Skólastjórn, kennarar, nemendur, húsvörður, gangaverðir, stuðningsfulltrúar, ræstingarfólk, bílstjórinn í skólabílnum, foreldrar....
Allir fái fræðslu og viti sitt hlutverk og að hverju er stefnt.
Tími og rými.


Lánið
Það er ekkert sem segir við eigum þessa jörð,
endalausar víðáttur og gróin mosabörð,
gætum hennar vel og græðum hennar sár
við gætum þurft að skila henni aftur næsta ár.
Annars skaðabótum og skuldum söfnum við,
skemmum þá framtíð er snertir mannfólkið,
allt er fáum lánað okkur gæta ber,
annars þetta líf okkar ansi illa fer.
Unnur Sólrún Bragadóttir, 2006


Að lokum
Framtíðin er barnanna okkar.
Kennum þeim að virða umhverfið, vera ábyrg. og ganga vel um.
Verum góðar fyrirmyndir.
Vinnum saman.
Gangi ykkur vel.
Takk fyrir ☺

# 5.4. Ítarefni

**SJÁLFBÆRNI:**

*Bækur*:

- *Ein jörð fyrir alla um ókomna framtíð – Vegvísir um umhverfismennt fyrir grunnskóla: HANDBÓK* e. Margréti Júlíu Rafnsdóttur (Námsgagnastofnun).
- *Náttúruverkefni* (Námsgagnastofnun).

*Vefsíður*:

- Heimurinn minn (Námsgagnastofnun – Margrét Júlía Rafnsdóttir).
- Loftslagsbreytingar á jörðinni (Námsgagnastofnun).
- Menntun til sjálfbærrar þróunar (HÍ).
- Náttúra.is (Náttúran er ehf).

*Vefefni*:

- Sáttmáli Jarðar (UNESCO).

# Grunnþáttur menntunar:

# 6. SKÖPUN

Fyrirlesari:
Þorvaldur Þorsteinsson (1960-2013)

| GRUNN-ÞÁTTUR > | **SKÖPUN** | |
|---|---|---|
| Fyrirles. → Skóli | Þorvaldur Þorsteins-son, rithöfundur og myndlistamaður | Samræðutími (80 mín.) |
| Áslandsskóli | 7. feb. kl. 13.40-15 | |
| Hraunvallaskóli | 8. jan. kl. 14.40-16 | |
| Hvaleyrarskóli | 7. jan. kl. 14.30-16 | |
| Lækjarskóli | 6. feb. kl. 14.15-15.45 | |
| Setbergsskóli | 29. nóv. kl. 14.30-16 | |
| Víðistaðaskóli | 3. des. kl. 14.30-16 | |
| Öldutúnsskóli | 4. des. kl. 14.30-16 | |
| Stóru-Vogaskóli | 9. jan. kl. 14.40-16 | |
| Álftanesskóli | 28. nóv. kl. 14.55-16.15 | |

## 6.1. Útdráttur þemaheftisins SKÖPUN




Þema- og fræðsluhefti um LÆSI er gefið út í tengslum við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla sem ein af sex áherslum um grunnþætti menntunar og gefur þá um leið til kynna mikilvægan áhersluþátt í nýrri menntastefnu skólastiganna.

Heftið skiptist í fjóra meginkafla. Sá fyrsti fjallar um hvort allir geti verið skapandi. Annar kafli veltir fyrir sér nauðsyn sköpunar, sá þriðji hvað felist í hugtakinu sköpun og loks fjallar sá fjórði um skapandi skólastarf og hlut kennarans í sköpun. Grunnatriðið í áherslu heftisins er að sköpunargleði eigi rætur í eðlislægri forvitni og athafnaþrá þar sem sköpun samþættir marga þætti mannlegs lífs og hugsunar í merkingarbært samhengi. Sköpun er, á að vera, órjúfanlegur hluti skólastarfs og birtast í margs konar samhengi, skipulagi og starfsháttum innan veggja skólans og í námi nemenda.

Að vera skapandi er eiginleiki mannsins en umhverfi hans gefur honum mismikil tækifæri til að vera skapandi og nýta og njóta sköpunarhæfni sinnar. Þar er skólinn lykilstofnun í lífi barna. Sköpun er mikilvæg í skólastarfi. Í því felst einnig sá skilningur að listir, skapandi hugsun og listastarf, hjálpi fólki að skilja sjálfan sig, umbreyta sér og heiminum í framhaldinu. Sköpun ýtir sömuleiðis undir aukið val, valdeflingu og jafnrétti einstaklinga, gerir þá hæfari til að takast á við lífið og tilveruna. Sköpun er grunnþáttur mennskunnar.

Sköpun byggir á mörgum þáttum. Þar eru nefndir til þættir eins og ímyndunarafl, gildi, frumleiki, forvitni, áhugi, athygli, leikni, þekking, samhengi, tilfinningar og innsæi. Sköpunarferlið er sagt samþætt úr tveimur þáttum. Annar þátturinn er að kanna eðli hluta og tengsl þeirra. Hinn þátturinn er að virða sköpun fyrir sér og meta. Þessir þættir eru samtengdir í allri listsköpun.

Í skólastarfi þarf sköpun að vera samofin öllu námi, sérstökum listgreinum sem og öðrum námsgreinum, formlega og óformlega, tengd fortíð sem framtíð námsvinnu hjá einstaklingum eða hópum. Hlutverk kennarans er lykilhlutverk í sköpunarferlinu, eins konar hvatamaður eða fyrirmynd að nálgast hinn skapandi veruleika í hversdagslegum verkefnum. Hann þarf í senn að vera skipulagður (en þó ekki fastur í viðjum vanans) og frjór (en þó ekki til trafala) til að koma nemendum í kynni við heim sköpunarinnar. Hann þarf að setja eigin listsköpun í forgrunn til að vera öðrum góð leiðsögn eða fyrirmynd á vegi listarinnar en um leið að hafa óbilandi trú á getu nemenda til að skapa, einir eða saman í hópum, með margs konar verkfærum, aðferðum og efnum til að nemandi öðlist sjálfstraust til að þora inn í heim sköpunar og lista. Skólastjóri er lykilaðili í að skapa umhverfi til sköpunar í skólastarfinu.

Sköpun felur í sér að virða manneskjuna og efla þor hennar til að mæta sínum mannlegu aðstæðum á skapandi og frjóan, persónulegan hátt.

- Þemaheftið SKÖPUN (pdf).
- Þemaheftið Sköpun (rafbók Námsgagnastofnunar).

# 6.2. Minningabrot frá fyrirlestrum Þorvaldar í skólum

Hér er safnað saman umsögnum, ummælum og viðbrögðum kennara í Hafnarfirði við fyrirlestri Þorvaldar sem minningu um liðinn atburð og til minningar um Þorvald. Hann lést stuttu eftir að hann hafði haldið fyrirlestraröð um sköpun og skólastarf í öllum sjö grunnskólum Hafnarfjarðar, Álftanesskóla og Stóru-Vogaskóla frá nóvember 2012 fram í byrjun febrúar 2013. Hann lést 23. febrúar 2013. Ummælin eru í tilviljunarkenndri röð og ummæli einstakra kennara geta verið á víð og dreif í samantektinni hér á eftir, flokkuð af þróunarfulltrúa grunnskóla. Með þessu vilja kennarar í Hafnarfirði heiðra minningu Þorvaldar í kjölfar þess að eitt af síðustu verkefnum hans áður en hann féll frá var fræðsla til kennara í Hafnarfirði um sköpun í skólastarfi. Hann var ánægður með að fá tækifæri til þess að fjalla um það og fyrirlestrar hans voru kennurum hvatning og uppörvun.




- „Hlógu eins og vettlingar í brúðubíl.“
- Veittu því athygli hverju þú veitir athygli.
  Veittu því athygli hvernig þú veitir athygli.
- Þorvaldur kastaði fram spurningunum:
  - Hver hefur gefið ykkur tækifæri?
  - Hver hafði áhrif á ykkur?
- Grípum augnablikið, skerpum aðeins á því og sjáum hvað gerist. Tökum einhverja hugmynd, yddum hana aðeins og [voila] ... undur og stórmerki gerast.
- Undir lok fyrirlestursins sagði Þorvaldur: „Heilagur maður er sá sem leyfir ljósinu að skína í gegnum sig.“ Látum ljósið skína!
- Hann hóf fyrirlesturinn á því að minna á að virkt lýðræði væri ekki hægt að kenna því það þyrfti að upplifa það. Vera í því. Það er eitt að boða og annað að vera.
- Ég hef sjaldan upplifað að hlusta á fyrirlestur sem ég vil að haldi áfram þegar fyrirlesarinn hefur lokið máli sínu. Fyrirlesturinn sem Þorvaldur Þorsteinsson hélt fyrir okkur um SKÖPUN var fyrirlestur sem ég vildi að hefði verið lengri, ég var til í að heyra meira. Það komu fram svo margir punktar hjá Þorvaldi sem ég kinkaði kolli yfir og hugsaði: Einmitt – mikið er þetta rétt. Hann opnaði hug minn algerlega á því hvað við þurfum að vera vakandi og vanda okkur í kennslunni. Við getum ekki ákveðið fyrirfram hvernig kennslustundin verður. Við getum ekki gert ráð fyrir því að allt gangi upp. Við þurfum ekki endilega að kenna, við megum líka bara vera.
- Sköpun snýst ekki um hæfileika, heldur um eiginleika. Það er ekki hægt að skilgreina sköpun eða vináttu, heldur eru þetta eiginleikar.
- Við í skólakerfinu þurfum á manni eins og Þorvaldi Þorsteinssyni að halda til að við stöðnum ekki og náum að horfa út fyrir kassann.

- Fór á fyrirlestur hjá honum í janúar um sköpun. Ég hugsaði um hann í daga og vikur á eftir. Það var þrennt sem sat í mér eftir þennan fyrirlestur. Þorvaldur sagðist hafa lært mest þegar kennararnir hans hættu að kenna og fóru að vera þeir sjálfir. Hann talaði um sköpun og sagði þegar fólk skapar þá á það ekki að hugsa of mikið um útkomuna, bestu verkin verða oftast til þegar þau eru búin til án mikillar íhugunar um afraksturinn. Hans bestu verk urðu einmitt þannig til. Þriðja var að hann talaði um að gefa sér tíma til að „hlusta á" fólk, þó að maður viti hvernig frásögnin endar. Leyfa fólki að tjá sig og hlusta á það alla leið, gefa sér tíma líka þegar umræðuefnið er óspennandi. Mikill hugsuður og flottur karakter fallinn frá, mikill heiður að fá að hlýða á þennan frábæra mann.
- Mér fannst hann Þorvaldur frábær og maður gleymdi sér alveg í að hlusta á hann. Hann var með margar hugleiðingar um sköpun og lét okkur taka mikinn þátt í fyrirlestrinum með sér.
- Þorvaldur kom hugmyndum sínum svo rækilega til skila vegna þess að hann hafði svo djúpa og mikla reynslu í því að miðla sköpunargleði sinni til annarra og var snillingur í að hrífa fólk með sér.




- Sköpun er ekki eitthvað uppstillt sem er gefið fáum fyrir aðra að njóta. Allir geta skapað og bestur árangur næst þegar maður „bullar", er einlægur, nýtir sína eigin styrkleika og útvíkkar dagleg viðfangsefni. Það er mikilvægt fyrir fólk sem vinnur með ungu fólki að nýta augnablikið, hlusta á það sem nemendur hafa að segja og vinna áfram með það sem upp kemur í skólastarfinu. Vera ekki of bundinn af því að „verða eitthvað". Það er nauðsynlegt að treysta á að maður hafi í alvöru eitthvað alveg sérstakt fram að færa og vinna út frá því. Niðurstaðan eftir fyrirlesturinn fannst mér vera að það er mikilvægara að vekja fólk til umhugsunar en að komast yfir námsefni og ef við höfum áhuga á viðfangsefninu náum við árangri og þannig verður til eitthvað nýtt og sérstakt. Það er ekki alltaf nauðsynlegt að setja sig í stellingar heldur slaka á og nýta flæðið sem skapast í kennslustofunni.

Þorvaldur talaði mikið um það í fyrirlestri sínum um sköpun að allt sem hann hefði gert hefði orðið til fyrir tilviljun og eiginlega hefði hann bara verið að bulla. Hann sagðist hafa haldið í mörg ár að hann hefði orðið myndlistarmaður vegna þess að hann hefði verið flinkari en aðrir að teikna en í seinni tíð hefði hann komist að því að það hefði alls ekki verið ástæðan. Hann var nýlega kominn á það stig í lífinu að vakna upp og vera ekkert, þ.e. ekki sérmerktur sem neitt ákveðið. En eitthvað alveg sérstakt var hann - það er ljóst.

- Skoðið aðeins betur og sjáið hvað gerist. Rýnið í hugmyndir ykkar, deilið þeim, ræðið þær og hlustið á aðra.
- Skiptumst á upplýsingum og söfnum í verkfærasjóðinn. Aðalatriðið er að kveikja í okkur og halda neistanum heitum. Segja frá, skiptast á hugmyndum, kveikja neista, næra okkur með því að prófa, gera tilraunir...
- Mér er minnistætt þegar hann segir að gera allskonar, vera með skissubók og skrifa hugmyndir niður sem koma til manns. Við erum með svo margbreytilega einstaklinga í höndunum og þurfum að fara mismunandi leiðir til að nálgast þá.
- Ekki fórna skilningi barnsins á sjálfu sér með því að efla skilning á ýmsu öðru. Bera virðingu fyrir eigin upplifun og eigin hugmyndum. Upplifun er mikils virði, bæði upplifun barns og kennara. Byrja á sjálfum sér, eigin sköpunareðli, leita í eigin áhugasvið, eigin ástríðu.
- Mér fannst fyrirlesturinn eftirminnilegur og góður þar sem ég var að mörgu leyti sammála Þorvaldi á sýn hans á skólastarf.

  Hann orðaði mjög vel það að við ættum að sjá eiginleikana í einstaklingunum en ekki bara hæfileikana. Að leyfa einstaklingnum að þroskast og dafna eins og hann er en ekki setja hann í eitthvað form. Einnig að við ættum að gefa sköpuninni mun meira pláss í þessu kennslubókastýrða námi sem núna er í skólum. Þorvaldur skoraði á okkur að fara yfir allar þær blaðsíður sem við töldum okkur „þurfa" að fara í gegnum í námsefninu og vera gagnrýnin á hvað væri nauðsynlegt og hverju við gætum sleppt. Við ættum endilega henda því út sem væri óþarfi og hann efaðist ekki um að það væru nokkuð margar blaðsíður. Hann taldi að þá fengjum við meiri tíma til þess að tala við nemendur og hlusta á þá, til að nota mismunandi kennsluaðferðir og til að hafa rými til þess að taka inn hluti sem skipta virkilega máli á líðandi stundu.

  Ég held að með þetta að leiðarljósi munu nemendur okkar verða mun hæfari einstaklingar og gæddir mun meiri lífshamingju.




- Uppgötvum okkur sem áhugaverðar, skapandi verur. Þegar ég leit í kringum mig á fyrirlestrinum þá hugsaði ég um þennan ótrúlega fjölda af skapandi fólki sem starfar innan skólans og er ég alveg örugg um að það á ekki bara við um minn vinnustað. Trúlega eru fáir vinnustaðir með jafnmargt skapandi fólk innan dyra og skólar nema kannski vinnustaðir sem byggja beinlínis á sköpun en á það ekki við um skólann? Byggir hann ekki fyrst og fremst á sköpun, skapandi starfi?
- Saga sem Þorvaldur sagði var af því þegar gamli kennarinn hans var farinn að lasnast og ung og óreynd, nýútskrifuð kennslukona kom norður að kenna bekknum hans

fannst mér ótrúlega falleg. Þorvaldi þótti mikið til nýju kennslukonunnar koma og tilkynnti henni þar sem hann stóð í röðinni til að fara í kennslustund að hann ætlaði að gefa út skólablað, hann ætlaði að verða blaðamaður. Kennslukonan sagði að sér litist vel á það. Þar með var það ákveðið og Þorvaldur og vinir hans hófust handa við að gefa út skólablað. Piltarnir tóku blaðamannsstarfið svo alvarlega að þeir meira að segja fóru að drekka kaffi eins og alvöru blaðamenn. Blaðaútgáfan stóð í nokkur ár og skilaði hagnaði svo að þeir félagarnir fóru nokkrum sinnum á veitingahús og gerðu vel við sig.

- Ég hef nokkrum sinnum hlýtt á Þorvald og ávallt verið snortin - af listinni í hversdagsleika okkar. Þann 8. janúar sl. hélt hann fyrirlestur í Hraunvallaskóla og skrifaði í framhaldi af því meðfylgjandi texta á facebook síðu mína - þessi hversdagslega saga vakti þvílík viðbrögð vina og vandamanna að annað eins verður vart toppað í náinni framtíð: „Hlýddi í dag á fyrirlestur Þorvalds Þorsteinssonar, rithöfundar og myndlistarmanns, um sköpun. Hann hvatti okkur sem á hlýddum að segja hversdagslegar og ómerkilegar sögur og því læt ég þessa flakka. Eins og svo oft áður er það yngsta dóttirin sem er aðalpersónan enda er hún sú eina af mínum börnum sem ekki kann að lesa eða er hér á facebook og veit þess vegna ekkert hvað mér finnst hún sniðug. Ég var að koma úr sturtu og kem fram af baðherberginu á handklæðinu, vill þá svo vel til að eitthvað sem er á sjónvarpsskjánum fangar athygli mína og ég sest í stofusófann vafin í handklæðið. Ekki líður löng stund þar til sú yngsta er sest við hlið mér og bendir á lærið á mér og spyr hvað þetta sé? Ég svara: „gæsahúð“. Þá segir sú yngsta: „Já ég fæ svoleiðis þegar ég kúka – ert þú að kúka núna?“.“
- Þess má kannski geta að besti fyrirlestur sem ég hef setið var óundirbúinn en þá kom Þorvaldur á listaviku í Kennaraháskólanum og stóð í þeirri trú að hann ætti að svara fyrirspurnum úr sal frá kennaranemum á fyrsta ári. Þegar þangað var komið kom hins vegar í ljós að nemendur höfðu ekki fengið sömu skilaboð. Hann talaði þar af leiðandi blaðlaust um upplifun sína af list í 80 mínútur. Hann setti þar fram að mínu mati magnaða líkingu sem ég hef haft bak við eyrað síðan, bæði sem kennari og foreldri þótt rúm tuttugu ár séu síðan. Hann líkti þeirri þekkingu og reynslu sem við „fullorðna fólkið" hefðum við lykla og vildi meina að það væri í okkar valdi annaðhvort að afhenda öðrum þessa lykla eða halda þeim fyrir okkur. Með þessum lyklum mætti opna dyr að alls konar upplifun; tónlist, myndlist, náttúrunni, fallegum texta, margbreytileika málsins.... Ég hafði ekki velt þessu fyrir mér á þennan hátt en hef verið meðvituð um það síðan. Oft vanmetum við þá þekkingu sem við búum yfir og gefum okkur ekki tíma til að gefa öðrum innsýn í það sem við erum að hugsa. Þegar við gerum það hins vegar erum við e.t.v. að færa einhverjum lykil að einhverju nýju sem má kanna áfram og njóta um ókomna tíð.




- Svíkist frekar aðeins um og lærið á sjálf ykkur.
- Sköpunargleði er:
  - eðlislæg forvitni og athafnaþrá
  - felur í sér áskorun, spennu og leit
  - nýtir og brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi
  - gengur gegn vanahugsun og veitir nýja sýn á fyrirséða hluti.

Sköpunargleði byggist á:

- uppgötvun
- gagnrýnni hugsun
- rannsókn
- ótal aðferðum sem opna nýjar leiðir.

Þess vegna skiptir sköpunarferlið ekki minna máli en afrakstur verksins. Sköpun hagnýtir hugmyndir og kveikir nýjar.

- Þorvaldur kynnti fyrir okkur nýtt orð„„gerfireynd". Í því sambandi sagði hann að margar bækur um kennslu og kennslufræði væru skrifaðar af fólki sem ekki hefur reynslu af kennslu.
- Námsefnið sem við erum að kenna er hugsanlega úrelt, duglegustu börnin „eru með þetta", þau fá ekki tækifæri til að prófa.
- Einnig þóttu mér punktar Þorvaldar um íslenskukennslu merkilegir. Kennarar mega ekki festast svo í orðflokkagreiningum að þeir missi sjónar á því hve skapandi og skemmtileg íslenskukennslan getur verið. Íslenskukennarar þurfa að þora – þvílík skilaboð.
- Mér fannst yndislegt þegar hann var að tala um kennara sína hér áður fyrr. Þeir kennarar sem gleymdu að þeir voru að kenna og fóru langt út fyrir efnið því þeim fannst það svo áhugavert voru langskemmtilegastir að hans mati.
- Það sem mig langar til að koma með er að Þorvaldur sagði að kennarar hefðu núna opinbert leyfi til að vera skapandi og sagði að hann hefði viljað að kennarar sínir hefðu hvatt hann meira og stuðlað að því að hann væri meira skapandi.
- Sköpun á að stuðla að ígrundun og andríki kennarans. Persónulegum þroska kennarans, nemandans, sveigjanleika í viðfangsefnum, sýna frumkvæði, finna fyrir möguleikanum, löngunum og kjarki til frumkvæðis.
- Byrjum á sjálfum okkur – þorum ... verum fyrirmyndir.
- Prófum að skoða sem flest. Prófum á okkur sjálfum það sem við gerum með krökkunum. Byrjum á því að koma okkur upp skissubók nokkurs konar verkfæra- og gersemasafni þar sem við skrifum niður drauma, hugmyndir, vangaveltur og bara allt sem okkur dettur í hug. Skráum niður allt sem okkur dettur í hug. Það má vera asnalegt og skrýtið. Teiknum myndir, rissum upp hvort sem við erum flink eða ekki. Við ætlumst oft til þess að nemendur geri hluti sem við höfum ekki reynt á eigin skinni. Skrifa sögur, ævintýri og ljóð ... reynum það sjálf ... prófum og verum óhrædd

... verum opin ... þorum að pæla og skoða með krökkunum ... sjáum hvað getur gerst ... sjáum hvað gerist.

- Þora að vera heill og standa með sjálfum sér. Skoða hver við erum og hvað við getum tekið með okkur inn í kennsluna. Njóta þess að nýta styrkleika sína í kennslu, koma með það sem við höfum. Horfum líka á styrkleika þeirra sem eru í kringum okkur – samstarfsmenn okkar búa yfir svo ótalmörgum styrkleikum sem við getum nýtt innan skólanna – lærum af hvert öðru og fögnum öllum þessum frábæru eiginleikum sem allir þessir einstöku kennarar búa yfir.
- Það þarf að gefa okkur næði að kenna í friði. Leitum líka til annarra skóla sem hafa gert góða hluti. Þurfum ekki alltaf að leita langt yfir skammt. Heimsækjum kennslustofur hvers annars, förum á milli skólastiga og sjáum hvernig þau vinna.
- Gluggum í gamlar kennslubækur. Skoðum saman – ferlið að vera saman og vinna/pæla/gera eitthvað – í því felst sköpun. Sköpum aðstæður til sköpunar. Búum til jarðveg til sköpunar.
- Gefum nemendum leyfi til að vera þeir sjálfir. Fögnum þeim fyrir það sem þeir eru. Fögnum líka kennurum fyrir það sem þeir eru. Köfum dýpra. Söfnum okkur saman.
- Gerum skólastarfið meira skapandi og skoðum hvað það er sem gerir okkur ómissandi fyrir það sem við erum. Rífum okkur ekki niður. Stöndum með okkur sjálfum í skapandi uppbyggilegu starfi með frábærum nemendum og dásamlegu samstarfsfólki.
- Mér fannst þetta mjög áhugaverður og skemmtilegur fyrirlestur hjá honum og hann lagði áherslu á að taka sig ekki of alvarlega. Hann vildi líka meina að við erum alls ekki nógu dugleg að hlusta á hvert annað. Við erum oft búin að ákveða hvernig sagan endar hjá fólki og oft á tíðum grípum við frammí eða stoppum aðilana áður en þeir klára alla söguna. En hann telur mjög mikilvægt að hlusta á alla því það er svo oft sem að saga sem virðist fyrirsjáanleg endar á allt annan hátt. Þetta á svo sannarlega við í kennslunni, kennarinn alltaf að flýta sér og hvert barn fær oft lítinn tíma til að tjá sig fyrir framan bekkinn þannig að hann vildi að við leggðum áherslu á hlustun og var sko alveg viss um að oftar en ekki koma nemendurnir okkur á óvart.
- Við Þorvaldur kvöddumst með þeim orðum að hann langaði til að heimsækja okkur í skólann aftur í haust. Það verður því miður ekki en við getum haldið á lofti minningu hans með því að vinna skapandi í skólunum okkar,  koma okkur upp skissubók og þora.




Þorvaldur: „Þakka þér fyrir þitt framlag til lífsins og listarinnar“. Þetta er vísun í verk sem Þorvaldur setti upp í miðbæ Helsinki fyrir nokkrum árum. Þar varpaði hann úr hátalara (á ensku) til vegfarenda: „Þakka þér fyrir þitt framlag til listarinnar“.

Einnig ber að þakka honum fyrir að hvetja fólk til að finna sköpunaræðina í sjálfu sér, að hugsa út fyrir rammann og skoða sjálfsagða hluti í nýju ljósi. Þorvaldur hvatti okkur til að taka eftir því hverju við veitum athygli og halda því til haga. Hann hvatti okkur einnig til að nota íslenskuna sem það verkfæri sem hún er í stað þess að tipla í kringum hana með óttablandinni virðingu. Hann líkti mikilli áherslu á málfræði í íslenskukennslu við það að konsertpíanisti ætti að skrúfa flygilinn í sundur og setja hann rétt saman aftur í stað þess að gera það sem hann kann mjög vel; að spila á flygilinn. Þorvaldur sagði okkur að mamma sín hefði vakið áhuga sinn á stafsetningu með því að benda honum á skyldleika orða (orðsifjafræði). Það styður það hve skilningur er mikilvægur varðandi áhuga á námi eins og margir halda fram.

Þorvaldur benti okkur á að við gætum tekið röngu svörin í stærðfræði og gert þau rétt, breytt dæmunum. Að leggja ekki áherslu á hvað nemendur gera rangt heldur það sem þeir gera rétt.

Gamaldags „páfagaukalærdómur“ á ekki við í skóla 21. aldarinnar. Staðreyndalærdómur á borð við “2119” er úreltur. Núna gúgglar maður þetta bara. Enda er oft og tíðum ekki lengur neitt eitt rétt svar við hverri spurningu. Það sýndi sig til dæmis þegar hnjúkurinn var mældur aftur og reyndist ekki lengur vera 2119 metrar.

Þorvaldur talaði um hvernig háskólakerfið stofnanavæddi mannlega eiginleika til að geta selt okkur þá aftur í formi prófgráða. Hann hvetur alla, fullorðna og börn, til að vera þeir sem þeir eru og vera þeir sjálfir. En ekki hugsa stöðugt um hvað maður verður þegar maður er búinn með þennan eða hinn áfangann. Að þá sé þetta komið. Spyrja krakka frekar „hvað ertu?“ en „hvað ætlar þú að verða?“

Þorvaldur sagði einnig að lífið gerðist ekki í réttri röð, „það gerist ekkert í röð“. Nú er lífi hans lokið, allt of fljótt. Fráfall hans er að mínu mati skaði fyrir íslenskt samfélag, myndlistina, ritlistina og umræðuna um menntamál. Svo fjölhæfur var hann. Þorvaldur hafði sterkar skoðanir og átti auðvelt með að koma þeim frá sér. Það var því vel til fundið hjá fræðsluyfirvöldum í Hafnarfirði að fá hann til að fjalla um sköpunina í sambandi við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Í fljótu bragði sé ég ekki hver hefði verið betur til þess fallinn.

Ég þekkti Þorvald. Hann var skólabróðir minn úr tveimur skólum. Hlýja og húmor og einlægni einkenndu hann og hann var góður félagi.

Rannveig Jónsdóttir, myndmenntakennari í Lækjarskóla

# 6.3. Hugmyndaminnisbók: í minningu Þorvaldar

Á fyrirlestri sínum um sköpun í grunnskólum Hafnarfjarðar, Álftanesskóla og Stóru-Vogaskóla undir lok árs 2012 og í byrjun árs 2013 lagði Þorvaldur mikla áherslu á að kennarar nýttu sér hugmyndaminnisbók („skissubók“). Hún er vel þekkt fyrir myndlistarmanninn sem hefur lögmæti til að skapa. Hann lagði mikla áherslu á að kennarar ættu slíka bók. Þess vegna er hér á eftir dregin saman nokkur atriði um hugmynda-minnisbók, sótt úr ýmsum áttum, sem hvatningu til kennara að nýta sér hana persónulega og í starfi.

Einhver sagði að það væri til tvenns konar fólk. Fólk sem teldi sig vera skapandi og fólk sem teldi sig ekki vera skapandi. En báðir þessir hópar fólks er einn hópur, fólk sem hefur hæfileika og eiginleika til að skapa. Aðalatriðið er hvort við höfum jákvæð viðhorf til eigin hæfni til sköpunar og viðurkennum sköpunarþörf okkar að verðleikum. Þegar slíkt hefur gerst er hugmyndaminnisbókin sjálfsögð. Þú getur skapað!

Allir eru stöðugt að fá hugmyndir, hvort sem er í vöku eða svefni, í baði eða á ferðalagi. Hugmyndir skjóta upp kollinum þegar þeirra er síst von og við ótrúlegustu aðstæður. Þá getur verið mikilvægur vani að skrá allar hugmyndir sem skjóta upp kollinum (teikna, skrifa, krota, hanna) því ella gætu þær gleymst og þá er þær glataðar fyrir þér. Þess vegna færðu þetta ráð: Skráðu allar hugmyndir sem þú færð, NÚNA. Í þeim tilgangi færðu þér hugmyndaminnisbók sem hentar þér, hefur hana þar sem þú getur nálgast hana auðveldlega, stöðugt gripið til hennar, eins og þú vilt hafa hana. EIGÐU.

Hugmyndir eru margs konar og margar aðferðir eru einnig til að efla með sér sköpunarhæfni. Sumar eru augljósar og notaðar daglega, aðrar getur þurft að læra sérstaklega (t.d. hugarkortagerð), sumar krefjast ritunar sérstaklega (og ritun tryggir að þær gleymist ekki eða týnist), sumar koma í draumi, aðrar gerast fyrir virka beitingu ímyndunaraflsins og enn aðrar kvikna við það að hlusta á aðra eða horfa einfaldlega í kringum sig með virkan huga; með því „að vera í núinu“. Möguleikar þínir til sköpunar eru óendanlegir – og kannski þá helst þegar þú ert ekki að hugsa um að skapa eins og Þorvaldur nefndi sérstaklega. Sjálfsrækt er sköpun! Ræktaðu sjálfa(n) þig! Sköpun þín gerist fyrir þinn vilja og engs annars. Skapaðu og skráðu!

Öll kennsla getur verið sköpun, bara til dæmis við það eitt að breyta út af vananum og það krefst í sjálfu sér ekki ritunar eða hugmyndaminnisbókar. Líf okkar getur verið óður til sköpunar með því hvernig við kennum og látum nemendur skapa og vera til, læra og njóta.

Nú er tími til að skapa. Þú sem kennari hefur leyfi til að vera skapandi í kennslu. Það er skráð opinberlega að kennarar eigi að vera skapandi samkvæmt aðalnámskrá. Það er krafa þótt slíkt geti varla verið skapandi í sjálfu sér. Kennarar hafa lögfest leyfi til að skapa.

# 6.4. Ítarefni

## SKÖPUN:

*Bækur*:

- *Handbók í hugmyndavinnu* eftir Steingrím Eyfjörð. Reykjavík 2010: Lóan er komin ehf, dreift af Útúrdúr.
- *Thinkertoys. A handbook of creative-thinking techniques* e. Michael Michalko. Berkeley: Ten speed press.

*Vefsíður*:

- Leikjavefurinn. Vefslóð: http://www.leikjavefurinn.is/
- Mind tools – creativity tools.
- The Creativity Post.

*Vefefni*:

- List- og verkgreinar í öndvegi. Netla.
- Stofnun Sameinuðu þjóðanna um menntun,vísindi og menningu. Vegvísir fyrir listfræðslu. Heimsráðstefna um listfræðslu: Efling sköpunarkrafts á 21. öld, Lissabon, 6.-9. mars 2006. Vefslóð: http://ft.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2840.
- Teaching for creativity: Two dozen tips, e. Robert Sternberg.
- Fyrirlestur Ken Robinsson um að skólar „drepi“ sköpun (á ensku) á TED.